



Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins

2017



FJÁRMÁLAEFTIRLITID
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins 2017

Útgefandi:
Fjármálaeftirlitið
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími: 520 3700 / Símbref: 520 3727
Tölvupóstur: fme@fme.is

Ritstjórn: Jón Þór Sturluson, Ragnar Hafliðason og Sigurður G. Valgeirsson

Hönnun & umbrot: ENNEMM

Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	7
1 Starfsemi Fjármálaeftirlitsins	11
1.1 Eftirlitsstarfssemi	11
1.2 Viðurlög og breytingar á réttarheimildum fjármálamarkaðar	18
1.3 Viðskiptahættir og neytendamál	22
1.4 Innra starf	23
1.5 Rekstur og fjármál	24
2 Fjármálamarkaðurinn	27
2.1 Horfur á fjármálamarkaði	27
2.2 Verðbréfamarkaður	28
2.3 Lánamarkaður	30
2.4 Vátryggingamarkaður	34
2.5 Lífeyrissjóðir	37
2.6 Rekstrarfélög og sjóðir	41
3 Annáll ársins	45
3.1 Helstu atburðir frá maí 2016 til aprílloka 2017	45
3.2 Yfirlit yfir ákvarðanir og gagnsæistilkynningar frá 1. maí 2016 til aprílloka 2017	53
3.3 Yfirlit yfir tölublöð Fjármála og greinar frá 1. maí 2016 til aprílloka 2017	54
4 Aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins	57
4.1 Fjöldi aðila undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins	58
4.2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi	59



Efni ársskýrslunnar

Efnisumfjöllun ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins 2017 tekur í meginatriðum til tímabilsins frá 1. maí 2016 til 30. apríl 2017. Í skýrslunni er sagt frá helstu verkefnum Fjármálaeftirlitsins. Fjallað er einnig um stöðu og þróun á lánamarkaði, verðbréfamarkaði, lífeyris- og verðbréfasjóðamarkaði og váttryggingamarkaði árið 2016. Skýrslan verður birt á íslensku og ensku á vef Fjármálaeftirlitsins. Þar er einnig að finna margvíslegar upplýsingar er varða fjármálamarkaðinn og fyrirkomulag opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi.

Stjórn og stjórnendur Fjármálaeftirlitsins

Yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins er í höndum þriggja manna stjórnar. Hlutverk hennar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meiriháttar ákvarðanir skal bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar. Stjórnin ræður forstjóra sem fer með daglega stjórnun eftirlitsins. Í stjórn sitja eftirfarandi í maí 2017: Ásta Þórarinsdóttir hagfræðingur, sem er formaður, Guðrún Þorleifsdóttir skrifstofustjóri, sem er varaformaður og Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri, tilnefndur af Seðlabanka Íslands. Varamenn eru: Friðrik Ársællsson héraðsdómslögmaður, Ástríður Jóhannesdóttir deildarstjóri og Harpa Jónsdóttir framkvæmdastjóri í Seðlabanka Íslands.

Yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins

Forstjóri

Unnur Gunnarsdóttir

Aðstoðarforstjóri

Jón Þór Sturluson

Yfirlögfræðingur

Anna Mjöll Karlsdóttir

Eftirlitssvið

Halldóra Elín Ólafsdóttir,
framkvæmdastjóri

Rúnar Guðmundsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri

Greiningasvið

Sigurður Freyr Jónatansson,
starfandi framkvæmdastjóri

Vettvangs- og verðbréfaeftirlitssvið

Sigurveig Guðmundsdóttir,
framkvæmdastjóri

Stoðsvið

Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir,
framkvæmdastjóri rekstarsviðs

Árni Ragnar Stefánsson,
mannauðsstjóri

Bjarni Þór Gíslason,
upplýsingatæknistjóri



Ávarp forstjóra

Þjóðfélagssumræðan sem spannst af því að tæplega þriðjungur hlutafjár Arion banka skipti nýlega um hendur var óvenju tilfinningarík. Ljóst er að Íslendingum er umhugað um að stjórnarhættir sem tíðkuðust í aðdraganda fjármálaáfallsins 2008 endurtaki sig ekki. Erlendir fjárfestingarsjóðir keyptu hlutina af Kaupþingi en fyrir Fjármálaeftirlitinu liggur það verkefni að meta hæfi þeirra til að eiga virka eignarhluti. Slitabú Kaupþings og Glitnis voru á sínum tíma talin óhæf til að vera virkir eigendur en áttu eftir sem áður bankana að mestu leyti samkvæmt samkomulagi um uppgjör á milli stjórnvalda og kröfuhafa. Málið var leyst samkvæmt þágildandi lögum með stofnun eignarhaldsfélaga sem báru ábyrgð á að bönkunum væri stjórnað í armslengdarfjarlægð frá eigendum þeirra.

Þrátt fyrir að nú sé um eitt og hálf ár liðið frá því að nauðasamningar voru gerðir, með skuldbindingu slitabúanna til að greiða stöðugleikaframlag í ríkissjóð, eru skilyrðin enn í gildi varðandi aðkomu Kaupþings og nýrra eigenda Arion banka að rekstri hans. Brýnt er að vinda ofan af þessu fyrirkomulagi og að aðeins þeir sem teljast hæfir samkvæmt lögum og mati Fjármálaeftirlitsins verði virkir eigendur bankans. Þáttur í því verður að meta hæfi Kaupþings og horfa í gegnum beint og óbeint eignarhald fjárfestingarsjóðanna sem nýverið keyptu beinan eignarhlut í Arion banka.

Íslandsbanki komst í hendur ríkissjóðs sem greiðsla á stöðugleikaframlagi slitabús Glitnis. Ríkið er talið hæfur virkur eigandi að banka og eru því ekki lengur í gildi skilyrði um óhæði eigenda að rekstri bankans. Nú er svo komið að nærfellt tveir þriðju hlutar allra lánastofnana eru með beinum eða óbeinum hætti í eigu ríkisins. Það er því ærið verkefni fyrir stjórnvöld að móta stefnu um framtíðarfyrirkomulag þessa reksturs og sölu til hæfra eigenda.

Bankakerfið telst ekki stórt um þessar mundir. Hlutfall heildareigna banka og annarra lánastofnana hefur farið lækkandi undanfarin ár og nam 175% af vergri þjóðarframleiðslu miðað við árslok 2016. Aftur á móti telst lífeyrissjóðakerfið stórt í alþjóðlegum samanburði. Heildareignir lífeyrissjóðanna, þ.e. bæði samtryggingar og séreignar, námu í árslok 2016 nálægt 152% af vergri þjóðarframleiðslu.

Mikilvægar breytingar urðu á löggjöf tengdri fjármálastarfsemi á nýliðnu ári. Sett var ný heildarlöggjöf um váttryggingastarfsemi sem felur í sér auknar kröfur

varðandi gjaldþol og áhættustýringu váttryggingafélaga, þar sem svonefnd varfærnisregla (e. prudent person principle) varðandi fjárfestingar var fest í sessi. Þá var fjárfestingarákvæði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda breytt með lögfestingu varfærnisreglunnar og auknum kröfum um virka áhættustýringu. Sett voru lög sem afnámu bakábyrgðir ríkis- og sveitarfélaga á lífeyrisgreiðslum hluta starfsmanna sinna og iðgjald launagreiðanda á almennum vinnumarkaði hækkaði úr 8% í 11,5%. Lögum um fjármálafyrirtæki var breytt þannig að gerðar eru auknar kröfur um gæði eigin fjár bankanna og sett ítarleg ákvæði um könnunar- og matsferli Fjármálaeftirlitsins. Með nýjum lögum um fasteignalán til neytenda voru ný þjóðhagsvarúðartæki innleidd með heimild til handa Fjármálaeftirlitinu til að setja reglur um veðsetningarhlutfall og um greiðslubyrði í hlutfalli við tekjur neytanda. Ekki hafa verið settar slíkar reglur þegar þetta er skrifað en þær munu byggja á greiningarvinnu og samstarfi Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands auk aðkomu fjármálastöðugleikaráðs.

Lagt hefur verið fram á vorþingi 2017 frumvarp til laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Með því er lagt til að lögleiddar verði stofnreglugerðir fjögurra evrópskra eftirlitsstofnana með fjármálakerfinu og Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) veitt yfirþjóðlegt vald yfir tilteknum ákvörðunum um íslenska fjármálamarkaðinn. Byggist þessi lausn á tveggja stöða kerfi EES-samningsins. Verði frumvarpið að lögum munu gögn frá íslenskum fyrirtækjum á fjármálamarkaði á samræmdu formi ganga til evrópsku stofnananna. Þetta kallar á enn nánara samstarf Fjármálaeftirlitsins við evrópskar systurstofnanir.

Þáttur í undirbúningi Fjármálaeftirlitsins fyrir aukna alþjóðlega samkeppni á fjármálamarkaði er aðild þess að samstarfssamningi Norrænna eftirlita og Evrópska seðlabankans um eftirlit með mikilvægum útibúum.

Mikil tíðindi urðu hjá nágrönnum okkar Bretum þegar þeir ákváðu í þjóðaratkvæðagreiðslu að ganga úr Evrópusambandinu. Fjármálaþjónusta er meðal þýðingarmestu atvinnugreina þeirra og munu fyrirtæki með starfsleyfi frá breskum stjórnvöldum missa rétt sinn til að stofna útibú í öðrum EES/ESB ríkjum eða veita þjónustu yfir landamæri. Því eru stjórnvöld í Evrópu almennt á varðbergi gagnvart því að bresk fyrirtæki sækist eftir starfsleyfi sem þau séu líkleg til að nota sem skel og útvista eiginlegri starfsemi til Bretlands.

Á meðan íslenskir og evrópskir löggjafar vinna hörðum höndum að því að þróa og styrkja leikreglur fjármálamarkaðar hafa aðrir unnið að því að þróa og innleiða ýmsar nýjungar í rafrænni fjármálaþjónustu. Þessar nýjungar ganga jafnan undir heitinu fjármálatækni eða „Fintech“ (e. financial technology). Fjármálatæknin skapar nýjar áskoranir fyrir eftirlitsstjórnvöld sem hafa það hlutverk að gæta að því að fjármálaþjónusta sé veitt í samræmi við lög og skapi ekki óhóflega áhættu fyrir viðskiptavinum. Því hefur Fjármálaeftirlitið unnið að aðgerðaáætlun um viðbrögð við þessari þróun. Stefnir er að því að Fjármálaeftirlitið bjóði með skipulegum hætti upp á leiðbeiningar til aðila sem hyggjast bjóða upp á fjármálatæknilausnir.

Öðru hvoru skjóta upp kollinum hugmyndir um endurskipulagningu stofnana sem hafa vald til áhrifa á

fjármálamarkaði, einkum Fjármálaeftirlits og Seðlabanka. Núna síðast hefur sendinefnd Alþjóða gjaldeyrissjóðsins viðrað hugmyndir sínar í þeim efnum. Skilja verður aðfinnslur hennar í því ljósi það er óvenjulegt fyrirkomulag á eftirliti með lausafé fjármálafyrirtækja hér á landi. Eftirliti með lausafé banka er skipt á milli stofnananna. Fallast má á að þetta sé ekki að öllu leyti heppilegt. Aftur á móti eru almennar hugmyndir sjóðsins ekki vel sniðnar að smæð íslensks samfélags. Þá hafa fáar þjóðir tekið upp þá verkaskiptingu sem sjóðurinn leggur til og því hefur lítil reynsla fengist á hana. Fjármálaeftirlitið telur að gagnlegt sé að gerð verði ítarleg greining á kostum og göllum núverandi stofnanauppbyggingar og annarra útfærslna. Meginmarkmiðið hlýtur að vera að nýta styrkleikana þar sem þeir eru mestir og vinna að hagkvæmni og samlegð.

Fjármálaeftirlitið gaf í október 2016 í fyrsta skipti út stefnumarkandi áherslur sínar til fjögurra ára. Þar eru skilgreindar níu helstu áherslur stofnunarinnar til að vinna að meginmarkmiði sínu um heilbrigðan fjármálamarkað og að traust til hans sé verðskuldað. Nefna má aukna áherslu á neytendamál og viðskiptahætti. Liður í því er að vakta að ekki séu óæskilegir hvatar í starfsemi eftirlitsskyldra aðila og að þeir gæti að því að vera ekki notaðir í þágu ólögðra viðskipta svo sem peningaþvættis. Þá hefur Fjármálaeftirlitið náð mikilvægum áföngum í þróun á áhættumatskerfi og skipulagi eftirlits. Þetta hefur stofnunin gert með því að byggja upp þekkingarsamfélag þar sem áráðni, fagmennska og liðsheild eru í heiðri höfð.



Stjórn og stjórnendur Fjármálaeftirlitsins

Á myndinni má sjá sitjandi frá vinstri: Guðrúnu Þorleifsdóttur varaformann, Ástu Þórarinsdóttur formann stjórnar, Arnór Sighvatsson stjórnarmann og Ástríði Jóhannesdóttur sem er varamaður í stjórn Fjármálaeftirlitsins. Fyrir aftan þau standa: Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri, Unnur Gunnarsdóttir forstjóri og Anna Mjöll Karlsdóttir yfirlögfræðingur. Á myndina vantar Friðrik Ársælsson og Hörpu Jónsdóttur, varamenn í stjórn.

Hlutverki stjórnar Fjármálaeftirlitsins er lýst í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi en þar segir: „Með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins fer þriggja manna stjórn sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður skal skipaður eftir tilnefningu frá Seðlabanka Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann stjórnar og ákveður þóknun stjórnarmanna.

Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meiri háttar

ákvarðanir skal bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar.“

Í reglum um störf stjórnar Fjármálaeftirlitsins frá 2012 er fjallað nánar um hlutverk stjórnarinnar. Þar er meðal annars farið yfir verkaskiptingu stjórnar og forstjóra, hlutverk stjórnar, ákvarðanir stjórnar í meiri háttar málum, hæfi stjórnarmanna og þagnarskyldu. Enn fremur er þar fjallað um stjórnarfundir, hversu oft þeir skuli haldnir og skipulag þeirra.

**Bjarni Þór Gíslason,
upplýsingatæknistjóri**

„Nokkrir vinir mínir keyptu sér byrjendasett og kynntu mig fyrir frísbíggolfi fyrir þremur árum. Ég fjárfesti síðan í eigin setti nokkrum mánuðum síðar og hélt áfram að spila með þeim.

Frisbíggolf er skemmtilegt áhugamál sem tengir keppni og einbeitingu við útiveru og göngutúra í fallegum gördum eða náttúrunni. Það er einfalt að læra íþróttina en mjög margt sem þarf að huga að til að verða virkilega góður, hvort sem það eru mismunandi eiginleikar diska, mismunandi kasttækni, áhrif vinds eða aðrir þættir. Það er ánægjulegt að ná sífellt að bæta sig. Mér finnst líka gaman að finna velli þegar ég er erlendis og hef prófað velli í Helsinki, Kaupmannahöfn og Prag.“



1. Starfsemi Fjármálaeftirlitsins

1.1 Eftirlitsstarfsemi

Eftirlit með fjármálafyrirtækjum

Við breytingu á gagnaskilum fjármálafyrirtækja með innleiðingu á nýju gagnaskilaformi (XBRL), sem innleitt hefur verið hjá evrópsku eftirlitsstofnununum, var sú krafa gerð til þeirra að þau skiluðu samhliða eldri skýrsluformum fram á mitt ár 2016 til að tryggja samræmi. Eftir þann tíma hafa gagnaskil fjármálafyrirtækja eingöngu verið á hinu nýja gagnaskilaformi. Með þessum breytingum hefur skýrslum fækkað sem skilað er til Fjármálaeftirlitsins, felldar hafa verið niður séríslenskar skýrslur og gagnaskilin einfölduð. Áfram er unnið að því að bæta áreiðanleika gagnanna við skil í samvinnu við fjármálafyrirtækin.

Með innleiðingu á áhættumiðuðu eftirliti hefur verið lögð aukin áhersla á að eiga samtal við stjórnendur og eftirlitseiningar fjármálafyrirtækja. Viðtöl hafa verið

tekin við stjórnarmenn, forstjóra, framkvæmdastjóra og innri endurskoðendur. Einnig á Fjármálaeftirlitið árlega tvo reglulega fundi með ytri endurskoðendum stærri fjármálafyrirtækja.

Hið árlega könnunar- og matsferli (SREP) var framkvæmt í samfelldu ferli vegna stóru viðskiptabankanna þriggja eins og síðustu ár og voru niðurstöðurnar kynntar fyrir stjórnnum bankanna í lok ársins 2016. Í könnunar- og matsferlinu leggur Fjármálaeftirlitið mat á áhættuþætti sem felast í starfsemi banka og með hvaða hætti þeir meðhöndla þá áhættuþætti. Ferlið felur jafnframt í sér að Fjármálaeftirlitið leggur mat á og ákveður fjárhæð og samsetningu þess viðbótareiginfjár sem nauðsynlegt er vegna áhættu sem viðkomandi banki stendur frammi fyrir eða gæti staðið frammi fyrir til viðbótar

við lágmarkskröfur um eigið fé. Hluti af framkvæmd könnunar- og matsferlis er yfirferð á eigin mati þeirra á eiginfjárförf vegna áhættu í starfseminni (ICAAP-ferli bankanna). Tilgangur ICAAP ferlis er að tryggja að viðkomandi banki greini, leggi mat á og fylgist sjálfur með áhættum í starfsemi sinni, að hann sé með nægilegt eigið fé í samræmi við áhættustefnu bankans og beiti traustri áhættustýringu. Í tengslum við könnunar- og matsferlið voru gerðar ýmsar athuganir, með sérstökum gagnafyrirspurnum, til að meta stöðu áhættuþátta hjá bönkunum. Auk þess að meta viðskiptabankana voru sparisjóðirnir fjórir teknir í einfaldara könnunar- og matsferli og eiginfjárfkrafa þeirra endurmetin. Afgreiddar hafa verið nokkrar umsóknir um stækkun á heimild til útgáfu sértryggðra skuldabréfa.

Til undirbúnings á væntanlegum lagakröfum kallaði Fjármálaeftirlitið í fyrsta skipti eftir viðbúnaðaráætlunum (e. recovery plan) frá kerfislega mikilvægum viðskiptabönkum. Áætlað er að ákvæði þess efnis verði innleidd í íslenskan rétt á árinu 2017 í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins 2014/59/ESB um viðbúnaðar og skilameðferð fjármálafyrirtækja (e. Bank Recovery and Resolution Directive) sem tók gildi í Evrópusambandinu í ársbyrjun 2015.

Á árinu 2016 var framkvæmd athugun á útlánum Íbúðalánasjóðs til lögaðila en Íbúðalánasjóður er skilgreindur sem kerfislega mikilvægur aðili.

Í ársbyrjun 2017 hófu nokkur rekstrarfélög verðbréfasjóða að auglýsa gengi sjóða, sem voru í rekstri þeirra, á árinu 2016. Í kjölfarið var farið í sértæka athugun á auglýstu markaðsefni og framsetningu upplýsinga rekstrarfélaga og hvort það samræmdest 28. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Fjármálaeftirlitið óskaði eftir sjónarmiðum rekstrarfélaga varðandi fylgni auglýsinga við umrætt reglugerðarákvæði.

Eftirlit með váttryggingafélögum og lífeyrissjóðum

Á árinu 2016 var Solvency II tilskipunin innleidd í íslensk lög. Nýjum lögum hafa fylgt nokkuð mörg verkefni, en sem dæmi má nefna breytingu á gagnaskilum váttryggingafélaga og aukna áherslu á eftirlit með fylgni við varfærnisreglu í fjárfestingum (e. prudent person principle). Fjármálaeftirlitið hefur nú alfarið tekið upp gagnaskilaform (XBRL) sem innleitt hefur verið hjá evrópsku eftirlitsstofnununum og fellt úr gildi séríslenskar skýrslur fyrir váttryggingafélög. Fjármálaeftirlitið hefur einnig innleitt áhættumiðað eftirlit með váttryggingafélögum, sem felst m.a. í því að framkvæma skilvirkt og reglulegt mat á áhættuþáttum í starfsemi þeirra. Fjármálaeftirlitið hefur metið einstakar áhættur í rekstri váttryggingafélaga á borð við stjórnarhætti, rekstraráhættu, váttryggingaáhættu

og markaðsáhættu. Í tengslum við framangreind áhættumót hefur Fjármálaeftirlitið m.a. yfirfarið eigið áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA) váttryggingafélaganna, skoðað samsetningu og virkni stjórnar, kannað hvort starfsemi lykilstarfssviða váttryggingafélaga (þ.e. innri endurskoðunar, áhættustýringar, regluvörslu og starfssviðs tryggingastærðfræðings) sé í samræmi við kröfur Solvency II, skoðað ferlið vegna verðbréfavíðskipta stjórnar og starfsmanna váttryggingafélaga, kannað áhættu váttryggingafélaga vegna starfsemi þeirra á erlendra grundu og kannað hvort fjárfestingarferli félaganna sé í samræmi við fyrrnefnda varfærnisreglu.

Á árinu 2016 samþykkti Alþingi breytingu á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða sem mun taka gildi 1. júlí 2017. Í kjölfar lagabreytinganna hóf Fjármálaeftirlitið vinnu við að kortleggja hvaða áhrif breytingarnar munu hafa á eftirlit með lífeyrissjóðum. Breytingarnar kalla m.a. á breytingu á gagnaskilum til eftirlitsins og aukna áherslu á eftirlit með áhættustýringu lífeyrissjóða og hefur Fjármálaeftirlitið unnið að mótun þess eftirlits. Jafnframt hefur Fjármálaeftirlitið metið einstaka áhættuþætti í rekstri lífeyrissjóðanna á borð við stjórnarhætti, markaðsáhættu, útlánaáhættu og rekstraráhættu. Í tengslum við framangreind áhættumót hefur Fjármálaeftirlitið m.a. skoðað samsetningu og virkni stjórnar, yfirfarið fjárfestingarstefnur lífeyrissjóða og kannað hvernig fjárfestingarferli þeirra er háttað, auk þess sem eftirlitið hefur kannað hvernig fylgst er með verðbréfavíðskiptum stjórnar og starfsmanna lífeyrissjóðanna. Fjármálaeftirlitið hélt, vegna innleiðingar á áhættumiðaðu eftirliti, kynningarfund fyrir lífeyrissjóði þar sem áhættumiðað eftirlit var kynnt, hvað í því felst, hvaða þátta Fjármálaeftirlitið horfir til við ákvörðun áhrifavægis eftirlitsskyldra aðila og hvað felst í mati á helstu áhættuþáttum í starfsemi lífeyrissjóða.

Samskipti Fjármálaeftirlitsins við ytri endurskoðendur váttryggingafélaga og lífeyrissjóða hafa verið aukin og hafa fundir verið haldnir með þessum aðilum, annars vegar við upphaf endurskoðunar og hins vegar við lok endurskoðunar. Þá hefur Fjármálaeftirlitið einnig fundað með innri endurskoðendum, forstöðumönnum áhættustýringar, framkvæmdastjórum og stjórnarmönnum váttryggingafélaga og lífeyrissjóða.

Vettvangsathuganir

Tilgangur vettvangsathugana er að kanna hvort starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir og reglur sem gilda um starfsemi þeirra. Stefna Fjármálaeftirlitsins um áhættumiðað eftirlit hafði mótandi áhrif á forgangsröðun vettvangsathugana sem eftirlitið lauk á árinu 2016. Eðli máls samkvæmt voru flestar vettvangsathuganir Fjármálaeftirlitsins framkvæmdar hjá viðskiptabönkunum þremur sem skilgreindir eru sem

kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki.

Eitt af stærstu verkefnum Fjármálaeftirlitsins er könnunar- og matsferli fjármálafyrirtækja. Á árinu voru gerðar nokkrar vettvangsathuganir sem voru hluti af könnunar- og matsferli stóru viðskiptabankanna. Fjármálaeftirlitið kannaði sérstaklega hvernig eftirliti bankanna með útlánnum væri háttað og var það framkvæmt aðallega með viðtölum við starfsmenn áhættustýringar. Önnur athugun tengdist viðbúnaðaráætlunum bankanna vegna lausafjárahættu í tengslum við losun fjármagnshafna. Verkefnið beindist að umgjörð lausafjástýringar og virkni viðbúnaðaráætlana bankanna vegna lausafjárahættu og var unnið í samstarfi við Seðlabanka Íslands. Markmið athugunarinnar var að kanna viðbrögð bankanna við lausafjár- og fjármögnunaráhættu og tryggja að bankarnir hefðu skjalað verklag sem þeir gætu starfað eftir í neyð, ef upp kæmi lausafjárskortur. Auk þess var kannað hvort viðbúnaðaráætlanir bankanna uppfylltu þær kröfur sem gerðar eru til slíkra áætlana. Fyrirkomulagið var með þeim hætti að Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands lögðu fram tilbúna sviðsmynd þar sem ákveðnum aðstæðum var lýst. Sviðsmyndin var send til bankanna í upphafi vinnudags og þurftu bankarnir að bregðast við þeim aðstæðum sem sviðsmyndin lýsti innan dags. Fulltrúar Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans voru viðstaddir fundi sem bankarnir boðuðu í kjölfar móttöku sviðsmyndarinnar þar sem starfsmenn bankanna fóru yfir þá stöðu sem sviðsmyndin lýsti og þær aðgerðir sem grípa skyldi til, til að bregðast við þeim aðstæðum. Athuginin fólst meðal annars í því að kanna hvort viðbrögð bankanna væru í samræmi við gildandi viðbúnaðaráætlun þeirra.

Á liðnu ári lauk Fjármálaeftirlitið athugun á útlánasafni Sparisjóðs Austurlands hf., Sparisjóðs Höfðhverfinga ses. og Sparisjóðs Strandamanna ses. Athuginin beindist að því að kanna gæði útlánasafns sparisjóðanna og var sérstaklega horft til þess hvort sjóðirnir hefðu nægar tryggingar fyrir veittum útlánnum. Auk þess var farið ítarlega yfir innri reglur sjóðanna sem lúta að veitingu útlána og eftirliti með þeim.

Á undanförunum misserum hefur Fjármálaeftirlitið framkvæmt vettvangsathuganir vegna aðskilnaðar starfssviða hjá fjármálafyrirtækjum þar sem markmiðið hefur verið að kanna hvort aðskilnaður starfssviði sé í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti og reglugerð um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Umræddar athuganir beindust aðallega að aðskilnaði starfssviða í húsnæði fjármálafyrirtækjanna, aðskilnaði í stjórnun og aðskilnaði gagna. Í lok árs 2015 lauk slíkri athugun hjá Landsbankanum hf., á síðasta ári hjá Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. og í byrjun þessa árs hjá Kvik banka hf.

Lán til hlutabréfakaupa og framvirkir samningar voru

til athugunar hjá stóru viðskiptabönkunum. Markmið þeirra athugana var að kanna framfylgni og tilhlýðileika við innri reglur og ferla ásamt ut anumhaldi og eftirliti með lánnum til hlutabréfakaupa og framvirkum samningum í skráðum hlutabréfum. Auk þess var umfang og þróun lánveitinga með veði í hlutabréfum og framvirkum samningum um hlutabréf skoðað.

Framkvæmd álagsprófa var einnig könnuð hjá stóru viðskiptabönkunum. Athuginin beindist að því hvort framkvæmd bankanna væri í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um fjármálafyrirtæki en þar kemur fram að fjármálafyrirtæki skuli reglulega framkvæma álagspróf og skjalfesta forsendur þeirra og niðurstöður.

Athugun var framkvæmd á liðnu ári er sneri að úttekt á regluvörslu fjármálafyrirtækja með heimild til verðbréfavíðskipta. Á meðal þess sem kannað var í athugininni var sjálfstæði regluvörslu, sérfræðipækking regluvarðar og staðgengils hans, erindisbréf regluvarðar og starfsöryggi. Athuginin var framkvæmd hjá GAMMA Capital Management hf., Kvik banka hf. og Virðingu hf.


Á grundvelli verðbréfavíðskiptalaganna fór fram athugun er beindist að því að kanna tiltekna þætti í starfsemi fjármálafyrirtækja er lúta að framkvæmd, verklagi og eftirliti fyrirtækisins vegna mats á hæfi og tilhlýðileika við fjárfestingarráðgjöf. Sérstök áhersla var lögð á framkvæmd upplýsingaöflunar við mat á hæfi viðskiptavina fyrirtækis vegna eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar og flokkun fjármálagerna. Athuganir fóru fram hjá Arctica Finance hf., Arion banka og Kvik banka hf.

Síðasta ár lauk athugunum er beindust að því að kanna eigna- og skuldbindingajöfnuð hjá lífeyrissjóðum, einkum með tilliti til líftíma eigna og skuldbindinga. Markmiðið var að skoða flökt á meðallíftíma skuldbindinga sjóðanna samkvæmt álagsprófum Fjármálaeftirlitsins fyrir árin 2012-2014 og fá innsýn í það hvernig lífeyrissjóðirnir fylgjast með meðallíftíma eigna og skuldbindinga. Slíkar athuganir fóru fram hjá Stöfum lífeyrissjóði og Stapa lífeyrissjóði.

Á árinu 2015 lauk athugunum á áhættustýringu fimm lífeyrissjóða og var slíkum athugunum haldið áfram á liðnu ári þegar Fjármálaeftirlitið lauk athugun hjá Almenna lífeyrissjóðnum og Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Þar var kannað hvernig áhættustýringu sjóðanna væri háttað og hvort hún samræmdist leiðbeinandi tilmælum um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingadeilda lífeyrissjóða.

Niðurstöður athugana Fjármálaeftirlitsins eru birtar á heimasíðu þess í samræmi við gagnsæisstefnu eftirlitsins. Ekki eru birtar sjálfstæðar gagnsæistilkynningar vegna athugana sem eru hluti af kynningar- og matsferlinu en gerð er grein fyrir þeim athugunum á heimasíðu eftirlitsins. Yfirlit yfir gagnsæistilkynningar

Mynd 1 Fjöldi vettvangsathugana sem lokið var á árunum 2015 og 2016 eftir tegund



Fjármálaeftirlitsins á því tímabili sem ársskýrslan nær til er að finna í kafla 3.2. Þar má meðal annars sjá að nýlega lauk athugun á aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka bæði hjá Borgun hf. og Valitor hf.

Á mynd 1 má sjá fjölda athugana sem lokið var á árinu 2016 og eru þær flokkaðar eftir tegund eftirlitsskyldra aðila. Til viðmiðunar má einnig sjá fjölda athugana sem lokið var við á árinu 2015.

Hæfismat, virkir eignarhlutir og leyfisveitingar

Á árinu 2016 barst Fjármálaeftirlitinu fjöldi tilkynninga um nýja stjórnarmenn og framkvæmdastjóra og lagt var mat á hæfi þeirra. Nefna má í því sambandi að fjöldi stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila er á bilinu 600 til 700 og fara á milli 100 og 200 nýir stjórnarmenn alla jafna í hæfismat hjá Fjármálaeftirlitinu á ári hverju.

Fjármálaeftirlitið metur hæfi aðila sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækjum og vátryggingafélögum en virkur eignarhlutur er bein eða óbein hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti eða gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags. Mikið var um breytingar á eignarhaldi fjármálafyrirtækja og vátryggingafélaga á árinu og afgreiddi Fjármálaeftirlitið m.a. tilkynningu BLM investment ehf. og tengdra félaga um aukinn virkan eignarhlut í Lýsingu hf., tilkynningu Solo Invest ehf. og Arnars Þorsteinssonar um virkan eignarhlut í Akta sjóðum hf., tilkynningu Stálskipa ehf. um virkan eignarhlut í Borgun hf. og tilkynningar Dittó ehf., Kristjáns Arasonar og Karls Þorsteins um virkan eignarhlut í Centra fyrirtækjaráðgjöf hf.

Þá afgreiddi Fjármálaeftirlitið tilkynningu Birtu lífeyrissjóðs um virkan eignarhlut í Virðingu hf. en virki eignarhluturinn myndaðist við samruna Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs. Jafnframt afgreiddi Fjármálaeftirlitið tilkynningu Megindar ehf. um aukinn virkan eignarhlut í Summu rekstrarfélagi hf. Í tveimur

síðarnefndu málunum bárust Fjármálaeftirlitinu ekki tilkynningar um virkan eignarhlut eða aukinn virkan eignarhlut fyrr en eftir að hann hafði myndast og enduðu málin með því að gerð var sátt við málsaðila sem fólst í greiðslu sektarfjárhæðar.

Eigendaskipti urðu á Verði tryggingum hf. og Verði líftryggingum hf. Arion banki hf. var metinn hæfur til að fara með virkan eignarhlut sem nemur 100% í fyrrnefndum vátryggingafélögum um mitt ár 2016 en áður hafði færeyski bankinn Bank Nordic farið með eignarhald þessara félaga. Þá var það mat Fjármálaeftirlitsins að Vörður tryggingar hf. væri hæft til að fara með virkan eignarhlut í Okkar líftryggingum hf. Enn fremur samþykkti eftirlitið yfirfærslu vátryggingastofns frá Verði líftryggingum hf. til Okkar líftrygginga hf. í upphafi árs 2017. Í kjölfar framangreinds eða í lok febrúar 2017 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna þessara líftryggingafélaga og starfa þau nú undir nafni Varðar líftrygginga hf.

Fjármálaeftirlitið samþykkti um mitt ár 2016 yfirfærslu þriggja fagfjárfestasjóða, þ.e. Burðaráss HL1, Burðaráss HS1 og Burðaráss SK1 frá ÍV sjóðum hf. til Straums sjóða hf. sem nú ber nafnið Akta sjóðir hf.

Á árinu veitti Fjármálaeftirlitið Íslandssjóðum hf. viðbótarstarfsleyfi til að stunda fjárfestingarráðgjöf og í upphafi árs 2017 var Hákon Hákonarsyni veitt starfsleyfi sem vátryggingamiðlari.

Þá kom til sérstakrar skoðunar á árinu starfsemi Aktiva lausna ehf. Eftir ítarlega athugun var það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að starfsemi félagsins hefði falið í sér milligöngu um lánveitingar á milli viðskiptavina, sem fæli m.a. í sér greiðslumiðlun samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu.

Á seinni helming ársins var Fjármálaeftirlitið í samstarfi við fjármálaeftirlitið í Liechtenstein vegna ákvörðunar þess um að afturkalla starfsleyfi Gable Insurance AG, sem selt hafði vátryggingar hér á landi

í gegnum íslenskan váttryggingamiðlara, og síðar vegna skipunar skilastjórnar yfir félaginu. Fjármálaeftirlitið leitaðist við að sinna leiðbeiningarskyldu sinni gagnvart hluteigandi váttryggingamiðlun sem og að veita upplýsingar og leiðbeiningar til íslenskra váttryggingartaka.

Athugun á aðgerðum gegn peningaþvætti var framkvæmd hjá Kviku banka hf. og birt gagnsæstilkynning þess efnis á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins í mars 2017.

Hinn 1. apríl 2017 skráði Fjármálaeftirlitið Framtíðina lánaþjóð hf. sem lánveitanda samkvæmt lögum um fasteignalán til neytenda.

Greining einstakra áhættuþátta og mat á kerfisáhættu

Eitt af helstu verkefnum Fjármálaeftirlitsins er að meta stöðu einstakra áhættuþátta í rekstri og starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Áhættunni er gefin einkunn á bilinu 1-4 og á þeirri einkunn er heildaráhættumat aðilans byggt. Sérfræðingar í einstökum áhættuþáttum koma að áhættumatinu og er það orðið fastur liður í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Á árinu 2016 vann Fjármálaeftirlitið að því að auka við og bæta greiningar á þeim gögnum sem eftirlitsskyldir aðilar skila til eftirlitsins og skilgreina áhættumælikvarða sem eftirlitið vaktar reglulega með hliðsjón af innsendum gögnum. Hér verður fjallað um verkefni tengd nokkrum áhættuþáttum á tímabilinu.

Viðskiptalíkan

Við greiningu á viðskiptalíkani var lagt mat á þá þætti sem talið var að ógnuðu lífvænleika núverandi viðskiptalíkans og sjálfbærni viðskiptastefnu. Viðskiptastefna var greind og skoðuð með tilliti til áhættuvilja og rekstrarniðurstöðu undanfarinna ára. Metið var hvort rekstrar- og efnahagslegar forsendur væru nægilega skýrar og raunhæfar. Meðal þeirra þátta sem voru skoðaðir sérstaklega voru áætlanir stóru viðskiptabankanna um grunnrekstur og útgreiðslu arðs m.t.t. lausafjárstöðu og eiginfjárafauka.

Stjórnarhættir

Meðal verkefna má nefna gagnasöfnun um samsetningu stjórnar. Í lögum um fjármálafyrirtæki og váttryggingastarfsemi er gerð krafa um að samsetning stjórnar í heild sé með þeim hætti að hún hafi viðunandi yfirsýn yfir starfsemi fyrirtækjanna. Fjármálaeftirlitið telur eðlilegt að það viðmið sé haft til hliðsjónar hjá öllum einingum tengdum almannahagsmunum.

Fjármálaeftirlitið hefur óskað eftir að stjórnir tiltekinna eftirlitsskyldra aðila framkvæmi sjálfsmat

til að viðkomandi stjórn og Fjármálaeftirlitið fái betri mynd af samsetningu stjórnarinnar í heild og hvort skorti á þekkingu á einhverjum sviðum sem gæti þurft að bæta úr, t.d. með fræðslu eða sérfræðiráðgjöf.

Markaðsáætla

Mikil vinna var á árinu 2016 lögð í þróun á þeim líkönum sem Fjármálaeftirlitið beitir við mat á markaðs- og fastvaxtaáhættu og greiningu á þeim líkönum sem bankarnir beita við matið. Þar sem miklar breytingar á evrópsku regluverki fyrir markaðs- og fastvaxtaáhættu eru í farvatninu er ljóst að einungis er um að ræða byrjun á löngu ferli.

Í lok nóvember 2016 gaf Framkvæmdastjórn ESB út drög að CRR II reglugerð, sem inniheldur m.a. viðamiklar breytingar á meðferð markaðsááhættu.

Breytingarnar eru í samræmi við endurbætur Basel nefndarinnar um bankaefntilít (BCBS), sem settar voru fram í skjalinu¹ „Minimum capital requirements for market risk“, sem útgefið var í janúar 2016. BCBS miðar við að eftirlitsstofnanir hafi innleitt breytingarnar fyrir árslok 2018. Til stuðnings breytingunum í CRR II, hefur EBA lagt fyrir Framkvæmdastjórn ESB drög að tæknistaðli² og fjölda viðmiðunarreglna (e. guidelines).

EBA hefur ennfremur sett á fót vinnuhóp til að uppfæra viðmiðunarreglur EBA um meðferð fastvaxtaáhættu, í kjölfar útgáfu BCBS í apríl 2016 á nýjum stöðlum³ fyrir fastvaxtaáhættu, sem taka eiga gildi fyrir árslok 2017. Þetta mun leiða til upptöku nýrra líkana, gagnaskila á Íslandi og samræmingar í meðferð fastvaxtaáhættu í Evrópu.

Þann 1. júlí 2017 taka gildi breytingar á 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Breytingarnar rýmka heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga en í því sambandi er byggt á svokallaðri skynsemisreglu (e. prudent person principle), sem felur í sér að lífeyrissjóðir byggi á skynsamri fjárfestingarstefnu og horfi á áhættu tengda fjárfestingum frekar en form. Þessi breyting hefur í för með sér breytingar á því hvernig Fjármálaeftirlitið fylgist með markaðsááhættu lífeyrissjóða.

Útlánaáhætta, mótaðila- og samþjöppunaráhætta

Útlánaáhætta er mikilvægasta áhættan í bankastarfsemi og safnar Fjármálaeftirlitið ítarlegum gögnum um þann áhættuþátt. Á árinu 2018 tekur gildi nýr reikningskilastaðall um mat á fjármálagerningum (IFRS 9) sem hefur töluverð áhrif á það með hvaða hætti afskriftir vegna vanskila eru metnar. Fjármálaeftirlitið vinnur nú að greiningu á áhrifum

¹ <http://www.bis.org/bcbs/publ/d352.pdf>

² <https://www.eba.europa.eu/documents/10180/1669525/Final+draft+RTS+on+the+IMA+assessment+methodology+%26+significant+shares+%28EBA-RTS-2016-07%29.pdf/f75ab291-838d-42fb-871e-3b2011728dfb>

³ <http://www.bis.org/bcbs/publ/d368.pdf>

þessa nýja staðals. Áðurnefnd CRR II reglugerð breytir staðalaðferðinni við mat á mótaðilaáhættu með þeim hætti að „mark-to market“ aðferðin fellur brott.

Loks má nefna aukna útlánastarfsemi nokkurra lífeyrissjóða sem hefur áhrif á áhættusnið þeirra.

Rekstraráhætta

Á árinu 2017 leggur Fjármálaeftirlitið áherslu á upplýsingatækniahættu og orðsporsáhættu, sem eru undirþættir rekstraráhættu sbr. kafla 6.4.1 í SREP Guidelines. Meðal verkefna er varða upplýsingatækni hjá eftirlitsskyldum aðilum má nefna eftirlit með útvistun, úttekt á viðbúnaðaráætlunum m.t.t. netógnna og athugun á ferlum í tengslum við frávikatilkynningar. Við þessar athuganir er stuðst við ICT Risk Assessment Guidelines frá EBA og leiðbeinandi tilmæli nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum. Framundan er einnig innleiðing á NIS tilskipuninni frá ESB vegna netárása og mun hún veita alþjóðlegan vettvang fyrir eftirlitsskylda aðila í baráttunni gegn netógnum. Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að skoða hvernig eftirlitsskyldir aðilar bregðast við orðsporsáhættu og mun eftirlitið við mat sitt á þeim þætti hafa til hliðsjónar kafla 6.4.3 Assessment of Reputational Risk í SREP Guidelines.

Auk þessara verkefna er lögð áhersla á heildarskoðun á rekstraráhættu hjá lífeyrissjóðum og váttryggingafélögum.

Lífeyrstryggingaáhætta

Búast má við að í náninni framtíð verði gefnar út nýjar töflur um lífslíkur sem munu endurspeгла hækkan á lífaldri frá núverandi viðmiðum og hafa áhrif til hækkanar á lífeyrisskuldbindingum. Lífeyrissjóðir munu þurfa að grípa til mótvægisáðgerða vegna væntanlegra nýrra lífslíkna og hefur hækkan lífeyristökualdurs einkum verið rædd sem leið til að koma í veg fyrir skerðingu réttinda. Fjármálaeftirlitið hefur fylgst með þessari þróun og hvaða áhrif slíkar breytingar kunna að hafa á stöðu lífeyrissjóðanna.

Kerfisáhætta

Innan Fjármálaeftirlitsins vinnur sérstakt þjóðhagsvarúðarteymi að greiningu á kerfisáhættu og gerð álagsprófa á viðskiptabönkunum. Þjóðhagsvarúðarteymið undirbýr jafnframt, í samstarfi við Seðlabanka Íslands, fundi kerfisáhættunefndar sem eru fjórum sinnum á ári.

Þann 1. mars 2016 var tekin ákvörðun um sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki, sem felur í sér 1% stigs aukningu á eiginfjárkröfu. Ákvörðunin

byggir á tilmælum fjármálastöðugleikaráðs frá janúar 2016 sem fjallað var um í síðustu ársskýrslu. Álagning sveiflujöfnunaraukans tók gildi 12 mánuðum eftir ákvörðunina, þ.e. 1. mars 2017. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 1. nóvember 2016 var sveiflujöfnunaraukinn hækkaður í 1,25%, í samræmi við tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 30. september 2016, og mun hækkanin taka gildi 1. nóvember 2017. Þann 1. apríl 2017 tóku gildi lög nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda. Samkvæmt þeim er Fjármálaeftirlitinu heimilt, að fengnu álti fjármálastöðugleikaráðs, að ákveða hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána og einnig að ákveða hámark heildarfjárhæðar fasteignaláns eða greiðslubyrðar þess í hlutfalli við tekjur neytenda. Þar sem Fjármálaeftirlitinu hefur verið fengið þetta aukna hlutverk safnar það nú umfangsmeiri gögnum en áður um lánveitingar eftirlitsskyldra aðila, þar sem reglur sem þessar verða ekki settar nema að undangenginni ítarlegri greiningu.

Verðbréfamarkaðseftirlit

Á árinu 2016 voru 48 mál tekin til rannsóknar með tilliti til þess hvort lög hefðu verið brotin á verðbréfamarkaði. Til samanburðar þá voru 44 mál tekin til rannsóknar á árinu 2015. Athugun á helmingi málanna hófst á grundvelli ábendinga frá Nasdaq Iceland (Kauphöllin) en athugun á öðrum málum hófst að eigin frumkvæði Fjármálaeftirlitsins eða vegna annarra ábendinga.

Tegundir mála voru eftirfarandi:

- 30 mál vörðuðu upplýsingagjöf en þar undir fellur birting innherjaupplýsinga (122. gr. vvl.), flöggunartilkynningar (IX. kafla vvl.) og birting ársreikninga (57. gr. vvl.)
- 2 mál vörðuðu efni lýsinga (45. gr. vvl.)
- 8 mál vörðuðu möguleg markaðssvik (117. og 123. gr. vvl.)
- 1 mál varðaði bestu framkvæmd í verðbréfavíðskiptum (18. gr. vvl.)
- 1 mál varðaði skil á innherjalistum (128. gr. vvl.)
- 1 mál varðaði sendingu upplýsinga til miðlægrar varðveislu (63. gr. vvl.)
- 3 mál vörðuðu tilkynningarskyldu innherja (125., 126. og 127. gr. vvl.)
- 2 mál – annað

Flestum málunum hefur verið lokið án aðgerða, þ.e. ekki var talið að um brot væri að ræða eða ekki var sýnt fram á að brot hefði verið framið. Fjallað er sérstaklega um beitingu viðurlaga í kafla 1.2.

Í desember 2016 átti Fjármálaeftirlitið fundi með viðskiptabönkunum vegna væntanlegrar innleiðingar á svokallaðri MiFID 2 tilskipun (nr. 2014/65) og MiFIR

reglugerð ESB (nr. 600/2014). Þær varða fjárfestavernd í verðbréfavíðskiptum, skipulag fjármálafyrirtækja og víðskiptavettvanga, gagnsæi, gagnaskil og margt fleira. Tilgangur fundanna var að kanna hver staðan væri á undirbúningsvinnu bankanna vegna fyrrgreindra gerða. Ljóst er að þörf er á yfirgripsmiklum undirbúningi fjármálafyrirtækja, víðskiptavettvanga og Fjármálaeftirlitsins vegna þessa. Sem dæmi þá þarf að gera breytingar á tölvukerfum vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja en þeim verður skylt að skila umfangsmeiri upplýsingum en áður. Fjármálaeftirlitið hefur einnig átt í samskiptum við minni fjármálafyrirtæki vegna þessa.

Fjármálaeftirlitið hefur að undanfögnu skoðað framkvæmd fjármálafyrirtækja við að sinna tilkynningarskyldu um víðskipti sem þau framkvæma með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og afleiður þeim tengdum (TRS gögn). Um er að ræða átaksverkefni sem staðið hefur yfir í nokkurn tíma. Gögnin eru mikilvæg fyrir eftirlit Fjármálaeftirlitsins og nauðsynlegt að tryggja gæði þeirra. Hluti af þessu verkefni hefur verið unnið í formi vettvangsathugana.


Fjármálaeftirlitið hefur einnig framkvæmt minni athuganir er varða ýmis svið verðbréfamarkaðar. Nefna má sem dæmi athugun á því hvort tiltekin fjármálafyrirtæki hafi nýtt sér undanþágu frá flöggunarskyldu vegna veltubókar en skilyrði fyrir því er að tryggt sé að atkvæðisréttur sé ekki nýttur til að hlutast til um stjórn útgafanda. Þá var nýlega lokið við athugun á tölvuöryggi hjá Nasdaq kauphöllunum á Norðurlöndunum en sú athugun var gerð í samráði við norræn fjármálaeftirlit. Sérstakur eftirlitshópur á vegum þessara stofnana er starfræktur til að samræma eftirlit með Nasdaq kauphöllunum á Norðurlöndunum. Helstu hlutverk hópsins eru að framkvæma sértækar athuganir og meta og hafa eftirlit með helstu áhættuþáttum í rekstri kauphallanna.

Alls voru 24 lýsingar staðfestar árið 2016, þar af 1 hlutabréfalýsing og 23 skuldabréfalýsingar. Staðfestir viðaukar við lýsingar voru 11 og staðfestar grunnlýsingar ársins voru 9 talsins sbr. mynd 2. Þá voru 187 endanlegir skilmálar birtir á vef Fjármálaeftirlitsins sbr. mynd 3. Mikill fjöldi endanlegra skilmála endurspeglar m.a. aukna útgáfu víðskiptabankanna þriggja á víxlum og sértryggðum skuldabréfum,

Á árinu var gerð breyting á reglugerð nr. 836/2013 um almenn útbod verðbréfa¹. Tilgangur breytinganna var að rýmka reglur um gerð lýsinga vegna almenns útbods og þar með auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum að sækja sér fjármagn á markaði. Reglugerðin á einungis við almenn útbod að fjárhæð 2.500.000 til 5.000.000 evrur og á ekki við um töku verðbréfa til víðskipta á skipulegum


verðbréfamarkaði. Með breytingunni fellur niður skylda útgafanda til að birta lýsingu ef fjárhæðamörk almenns útbods eru undir 2.500.000 evra, en áður voru mörkin 100.000 evrur.

Mynd 2 Fjöldi lýsinga og viðauka



Heimild: Fjármálaeftirlitið

Mynd 3 Fjöldi endanlegra skilmála




Heimild: Fjármálaeftirlitið

Útgáfa bankanna á verðbréfum sem tekin eru til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, hefur aukist ár frá ári eins og sjá má á Mynd 4. Aukningin milli 2014 og 2015 var töluverð en hún nam 101,5%. Á milli árunna 2015 og 2016 varð þó nokkur aukning en hún varð þó ekki eins mikil og milli árunna 2014 og 2015. Útgáfan fór úr rétt rúmum 92 milljörðum króna í rúma 144 milljarða eða 56,5% aukning. Eins og sést á myndinni þá hefur meirihluti útgáfunnar verið í formi sértryggðra

¹ Reglugerð nr. 727/2016

skuldabréfa og var hlutfall sértrygðu útgáfunnar 67,6% af heildarútgáfunni árið 2015. Á árinu 2016 varð viðsnúningur á þessu og voru víxlar meirihluti útgáfunnar eða 54,9%. Inni í tölunum fyrir árin 2015 og 2016 eru einnig útgáfur Kviku banka hf. að fjárhæð annars vegar 4,5 milljarðar og hins vegar 8 milljarðar króna.


Mynd 4 Innlend verðbréfaútgáfa bankanna í milljörðum króna



Heimild: Fjármálaeftirlitið

Mynd 5 sýnir hvernig verðbréfaútgáfan skiptist á milli bankanna. Árið 2016 var Landsbankinn með um 35% útgáfunnar og Arion banki hf. þar næstur með u.þ.b. 33%.

Mynd 5 Innlend útgáfa bankanna í milljörðum króna



Heimild: Fjármálaeftirlitið

1.2 Viðurlög og breytingar á réttarheimildum fjármálamarkaðar

Viðurlagamál

„Fjármálaeftirlitið beitir viðurlögum vegna brota á lögum, reglum og ákvörðunum eftirlitsins enda verði lögmætu markmiði ekki náð með öðrum úrræðum. Viðurlögum er ætlað að hafa varnaðaráhrif sem miða að því að draga úr eða afstýra frekari brotum. Þær viðurlagaheimildir sem Fjármálaeftirlitið hefur yfir að ráða eru stjórnvaldssekt, fívíti og afturköllun starfsleyfis vegna brota. Auk þess getur Fjármálaeftirlitið lokið málum vegna brota sem varða stjórnvaldssekt með sátt við málsaðila um greiðslu sektarfjárhæðar.“

Ofangreindan texta er að finna í stefnu Fjármálaeftirlitsins um beitingu þvingunarúrræða og viðurlaga frá 1. október 2015. Þar kemur fram að Fjármálaeftirlitið lýkur málum vegna brota sem varða stjórnvaldssektum með sátt óski málsaðili þess enda hafi hann látið af brotlegri háttsemi eða gert viðeigandi úrbætur. Sátt kemur þó ekki til greina ef tilskilin varnaðaráhrif nást ekki, t.d. ef málsaðili hefur ítrekað gerst brotlegur við sama lagaákvæði eða ef meint brot telst meiriháttar og ber að kæra til lögreglu. Með því að gera samkomulag um sátt gengst málsaðili við broti og fellst á greiðslu sektarfjárhæðar sem getur verið allt að helmingi lægri en fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið. Sáttir og ákvarðanir um álagningu stjórnvaldssekta eru að jafnaði birtar á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins í samræmi við Gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins frá 16. apríl 2014.

Á tímabilinu 1. maí 2016 til 30. apríl 2017 birti Fjármálaeftirlitið tvær tilkynningar um að máli hefði

verið lokið með stjórnvaldssekt og átta tilkynningar um að málum hefði verið lokið með samkomulagi um sátt. Tilkynningarnar vörðuðu eftirtalda aðila:

Marel hf.

Stjórnvaldssekt var lögð á Marel hf. vegna brots gegn 1. mgr. 87. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vv.). Brotið fólst í því að Marel lét hjá líða að birta tilkynningu um breytingu á atkvæðisrétti, sem félaginu barst 29. október 2014, innan lögmæltra tímamarka. Stjórn Fjármálaeftirlitsins tók ákvörðun um að leggja 1.500.000 króna stjórnvaldssekt á Marel vegna brotsins.

Eimskipafélag Íslands hf.

Stjórnvaldssekt var lögð á Eimskipafélag Íslands hf. vegna brots gegn 1. mgr. 122. gr. vv. Brotið fólst í því að félagið birti ekki innherjaupplýsingar, sem lágu fyrir þann 20. maí 2016, um mikið bætta rekstrarafkomu þess á fyrsta ársfjórðungi 2016, eins fljótt og auðið var og á jafnræðisgrundvelli eða frestaði birtingu innherjaupplýsinganna. Stjórn Fjármálaeftirlitsins tók ákvörðun um að leggja 50.000.000 króna stjórnvaldssekt á Eimskip vegna brotsins.

Fjarskipti hf.

Sátt var gerð við Fjarskipti hf. vegna brots gegn 126. gr. vv. Brotið fólst í því að Fjarskipti tilkynnti of seint til Fjármálaeftirlitsins um viðskipti sem annars vegar fruminnherji í félaginu og hins vegar aðili fjárhagslega tengdur fruminnherja áttu. Samkomulagið kvað á um greiðslu sektar að fjárhæð 350.000 krónur.

Greiðslumiðlunin Hringur ehf.

Sátt var gerð við Greiðslumiðlunina Hringur ehf. vegna brots gegn 1. mgr. 58. gr. vv. Brotið fólst í því að félagið birti of seint opinberlega árs hlutareikning fyrir sex fyrstu mánuði reikningsársins 2015. Samkomulagið kvað á um greiðslu sektar að fjárhæð 250.000 krónur.

Drómi hf.

Sátt var gerð við Dróma hf. vegna brots gegn 1. mgr. 78. gr. vv. Brotið fólst í því að vanrækja að senda flöggunartilkynningar til Nýherja hf. og Fjármálaeftirlitsins vegna breytinga á atkvæðisrétti í Nýherja. Samkomulagið kvað á um greiðslu sektar að fjárhæð 1.400.000 krónur.

Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf.

Sátt var gerð við Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. vegna brots gegn 1. mgr. 78. gr. vv. Brotið fólst í því að vanrækja að senda flöggunartilkynningar til Nýherja hf. og Fjármálaeftirlitsins vegna breytinga á atkvæðisrétti í Nýherja. Samkomulagið kvað á um greiðslu sektar að fjárhæð 1.400.000 krónur.

Íslandsbanki hf.

Sátt var gerð við Íslandsbanka hf. vegna ítrekaðra brota gegn 1. mgr. 18. gr. vv. Brotið fólst í því að bankinn fylgdi ekki fyrir mælum viðskiptavinar og tók ekki tillit til viðmiða sem áttu við um viðskiptavininn. Samkomulagið kvað á um greiðslu sektar að fjárhæð 7.000.000 krónur.

Megind hf.

Sátt var gerð við Megind hf. vegna brots gegn 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármála fyrirtæki, en félagið jók við virkan eignarhlut sinn umfram 50% án þess að tilkynna kaupin fyrirfram til Fjármálaeftirlitsins. Samkomulagið kvað á um greiðslu sektar að fjárhæð 250.000 krónur.

Stefnir hf.

Sátt var gerð við Stefni hf. vegna brots gegn 1. mgr. 59. gr., sbr. 30. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði. Brotið fólst í því að Stefnir fjárfesti í eignarhlutum í einkahlutafélagi fyrir hönd fjárfestingarsjóðs í rekstri Stefnis. Samkomulagið kvað á um greiðslu sektar að fjárhæð 5.700.000 krónur.

Birta lífeyrissjóður

Sátt var gerð við Birtu lífeyrissjóð vegna brots gegn 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármála fyrirtæki. Brotið fólst í því að lífeyrissjóðurinn tilkynnti ekki Fjármálaeftirlitinu um virkan eignarhlut í fjármála fyrirtæki innan þeirra tímamarka sem fram koma í ákvæðinu. Samkomulagið kvað á um greiðslu sektar að fjárhæð 1.000.000 krónur.

Þess má geta að brot Eimskipafélags Íslands, Íslandsbanka, Megindar, Stefnis og Birtu áttu sér stað eftir gildistöku laga nr. 58/2015 um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði o.fl. Þar sem fjárhæð sekta var hækkuð umtalsvert auk þess sem heimilt er að miða fjárhæðina við allt að 10% af heildarveltu lögaðila.

Breytingar á réttarheimildum fjármálamarkaðar

Fjármálaeftirlitið tekur virkan þátt í breytingum á þeim reglum sem gilda um fjármálaþjónustu hér á landi. Stofnunin vinnur að slíkum breytingum ýmist með þátttöku í störfum nefnda eða starfshópa á vegum viðkomandi fagráðuneyta sem vinna að breytingum á lögum sem gilda um starfsemi eftirlitsskyldra aðila, eða með ritun stjórnvaldsfyrirmæla, þ.e. setningu reglna eða útgáfu leiðbeinandi tilmæla. Hlutverk Fjármálaeftirlitsins í vinnu nefnda og starfshópa ráðuneytanna er einkum að hafa yfirsýn yfir þær réttarheimildir sem gilda á íslenskum fjármálamörkuðum, þekkja innihald þeirra, kunna skil á breytingum sem eru í farvatninu innan Evrópska efnahagssvæðisins ásamt því að veita fjármála- og efnahagsráðuneytinu sérfræðiaðstoð við gerð lagafrumvarpa, eða eftir atvikum samningu reglugerða.

Fjármálaeftirlitið gegnir lykilstöðu á fjármálamarkaði varðandi vöktun tæknilegra staðla og viðmiðunarreglna Evrópsku eftirlitsstofnananna (EBA/ESMA/EIOPA). Tæknilegir staðlar eru innleiddir eftir atvikum með reglum eða reglugerð. Verklag við að taka upp viðmiðunarreglur eftirlitsstofnana er í mótun og tekur mið af frumvarpi til laga um evrópskar eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði.

Undanfarin ár hafa viðamikil verkefni fylgt endurskoðun á löggjöf um fjármálaþjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu. Ákveðin vatnaskil hafa orðið í þessum málaflokki á liðnu ári með upptöku reglugerðanna um Evrópsku eftirlitsstofnanirnar, AIFMD tilskipunarinnar, CRA reglugerðarinnar, EMIR reglugerðarinnar og skortsölureglugerðarinnar í EES-samninginn. Þá voru þrenn mikilvæg lög um fjármálaþjónustu samþykkt á Alþingi á síðasta ári: ný heildarlög um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, lög um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016 og lög nr. 96/2016, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Samþykkt umræddra laga er mikilvægt skref í að innleiða veigamestu EES-gerðirnar um fjármálaþjónustu hér á landi. Enn bíður þó nokkur fjöldi gerða lögfestingar á komandi árum.

Framgangur helstu verkefna sem tengjast smíði löggjafar

Lög um evrópskar eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði. Á árinu 2016 lauk samningaviðræðum á milli ESB og EES ríkjanna um upptöku reglugerða um evrópskar eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði (svokallaðar ESAs reglugerðir, eða reglugerðir um EBA/ESMA/EIOPA). Með upptöku reglugerðanna opnast leiðin fyrir aðrar gerðir á sviði fjármálaþjónustu inn í EES-samninginn, en alls bíða á annað hundrað gerða upptöku í samninginn sem hafa verið á bið eftir lausn vegna ESAs reglugerðanna. Með upptöku reglugerðanna í EES samninginn verður Eftirlitsstofnun EFTA falið að taka ákvarðanir vegna EES ríkjanna í tengslum við samevrópskt eftirlitskerfi. Þannig er með lausninni haldið í tveggja stöða kerfið sem EES samningurinn byggir á, með tilheyrandi séreftirlitsstofnun og sérdómstólaleið fyrir Ísland, Noreg og Liechtenstein. Unnið er að lögfestingu reglugerðanna í íslenskan rétt og var frumvarp til laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði lagt fyrir á Alþingi á fyrri hluta árs 2017.

CRD IV / CRR. Á árinu voru stigin mikilvæg skref varðandi innleiðingu CRD IV/CRR löggjafarinnar. Með lögum nr. 96/2016, um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, var ákvæðum um eiginfjárgrunn breytt til samræmis við CRR og

alþjóðlega Basel III staðalinn. Með breytingunum eru gerðar auknar kröfur um gæði eigin fjár bankanna. Með sömu breytingalögum voru gerðar miklar endurbætur á þeim lagaákvæðum sem fjalla um könnunar- og matsferli Fjármálaeftirlitsins, og fela nýju ákvæðin m.a. í sér ítarlegri lýsingu á þeim þáttum sem kanna skal í ferlinu og ítarlegri valdheimildir en voru fyrir í lögnum. Lokaskref innleiðingar á CRR reglugerðinni voru svo stigin í mars 2017 með setningu reglugerðar ráðherra um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, sem innleiðir evrópsku reglugerðina um sama efni. Við gildistöku íslensku reglugerðarinnar hér á landi verður regluverk sem gildir fyrir íslenska banka í fullu samræmi við regluverk annarra ríkja innan EES.

BRRD / DGS. Á árinu 2017 tekur Fjármálaeftirlitið þátt í smíði löggjafar varðandi skila- og slitameðferð fjármálafyrirtækja, en gert er ráð fyrir að frumvarp verði lagt fram á síðari hluta árs 2017. Samkvæmt frumvarpinu verða m.a. gerðar kröfur til fjármálafyrirtækja varðandi hæfar skuldbindingar (e. eligible liabilities) þeirra, auk þess sem fjármálafyrirtæki þurfa að hafa til reiðu áætlanir um endurreisn fjárhags (e. recovery plans) til að bregðast við skakkaföllum í rekstri þeirra. Ráðgert er að samhliða vinnu við smíði frumvarps um skila- og slitameðferð verði gerðar breytingar á lögum um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, til samræmis við nýja tilskipun um innstæðutryggingarkerfi, svokallaða DGS III tilskipun.

Solvency II / Omnibus II. Með gildistöku nýrra heildarlaga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, hefur Solvency II tilskipunin með áorðnum breytingum samkvæmt svonefndri Omnibus II tilskipun, tekið gildi hér á landi. Solvency II/Omnibus II tilskipanirnar fela í sér auknar kröfur til gjaldþols og áhættustýringar váttryggingafélaga með það að markmiði að auka vernd váttryggingataka. Lokaskref innleiðingar á Solvency II/Omnibus II regluverkinu verða stigin á árinu 2017 með setningu laga um váttryggingasamstæður. Einnig verður á árinu unnið að því að setja reglugerð af hálfu ráðherra, til að taka upp svokallaða afleidda reglugerð, reglugerð (ESB) 2015/35, sem kveður nánar á um og útskýrir frekar ýmis atriði Solvency II löggjafarinnar. Jafnframt mun Fjármálaeftirlitið setja reglur til að innleiða tæknilega staðla evrópsku váttryggingaeftirlitsstofnunarinnar, sem m.a. kveða á um gagnaskil váttryggingafélaga. Fjármálaeftirlitið gaf í byrjun árs 2017 út 4 umræðuskjöl vegna setningar umræddra reglna.

MCD. Með setningu laga nr. 118/2016 um fasteignaveðlán til neytenda var MCD tilskipunin (e. mortgage credit directive) innleidd hér á landi. Lögin tóku gildi 1. apríl 2017, en með lögnum er Fjármálaeftirlitinu m.a. fengið vald til að ákveða hámarks veðsetningarhlutfall á fasteignaveðlánum (e. Loan-to-value) og hámark lánsfjárhæðar eða greiðslubyrðar þess í hlutfalli við tekjur neytanda, með setningu reglna. Jafnframt gera lögin ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið haldi skrá yfir lánveitendur og lánamiðlara sem falla undir gildissvið laganna. Þá gera lögin ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið og Neytendastofa skipti með sér verkum vegna eftirlits með veitingu fasteignaveðlána til neytenda hér á landi. Á árinu 2017 verður unnið áfram að innleiðingu MCD tilskipunarinnar og að tillögum til breytinga á lögum nr. 118/2016 að því er varðar samstarf milli eftirlitsstofnana innan EES vegna fasteignaveðlána.

Gerðir á verðbréfamarkaði. Frá og með upptöku EMIR reglugerðarinnar (European Markets Infrastructure Regulation) um OTC afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, skortsölureglugerðarinnar og CRA reglugerðarinnar í EES samninginn á árinu 2016 hefur verið unnið að smíði lagafrumvarpa til að lögfesta umræddar reglugerðir í íslenskan rétt. Þannig er unnið að smíði frumvarps til laga um eftirlit með lánshæfismatsfyrirtækjum, og að gerð frumvarps varðandi tilkynningar vegna skortsölu og skuldtrygginga. Vinna við smíði frumvarpanna er misjafnlega langt komin, en gera má ráð fyrir að a.m.k. tvö frumvörp líti dagsins ljós á fyrri hluta árs 2017. Samhliða þessari vinnu er unnið að lögfestingu annarra gerða á sviði verðbréfamarkaðar og eru helstu gerðir í þeim efnunum MiFID II/MiFIR um fjárfestavernd, skipulag viðskiptavettvanga og fjármálafyrirtækja, gagnsæi o.fl. CSRD um uppgjör verðbréfavíðskipta og starfsemi verðbréfamíðstöðva og MAR reglugerðin um meðferð innherjaupplýsinga, innherjaviðskipti stjórnenda og bann við markaðssvikum. Gera má ráð fyrir að þessari vinnu ljúki á næstu tveimur árum með setningu viðeigandi laga. Öllum umræddum gerðum fylgir fjöldi tæknilegra staðla sem teknir verða upp með viðeigandi hætti.

AIFMD. Á árinu 2016 lauk vinnu við að taka upp tilskipun um starfsemi sérhæfðra sjóða (AIFMD) í EES-samninginn. Á grundvelli starfs nefndar sem undirbúið hefur lögfestingu tilskipunarinnar verður á árinu 2017 unnið að smíði frumvarps til að lögfesta umrædda tilskipun. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu

ljúki á árinu 2017 með setningu sérlaga um starfsemi sérhæfðra sjóða.

PSD II / IFR. Fjármálaeftirlitið hefur hafið undirbúning vegna innleiðingar á PSD II tilskipuninni um starfsemi í greiðsluþjónustu og reglugerðar ESB um þak á milligjöld. Þannig vaktar Fjármálaeftirlitið gerð tæknilegra staðla og viðmiðunarreglna af hálfu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, auk þess að kortleggja breytingar sem PSD II tilskipunin felur í sér í samanburði við eldri tilskipun um sama efni. Bæði PSD II og IFR voru samþykkt árið 2015 hjá Evrópusambandinu.

Allar ofangreindar EES-gerðir fela í sér varanleg eftirlitsverkefni sem krefjast viðamikils undirbúnings innan Fjármálaeftirlitsins, m.a. að því er varðar uppfærslu á tölvukerfum vegna nýrra gagnaskila, en einnig kalla sumar gerðir á breytt verklag og nýjungar í eftirliti.

Setning reglna og útgáfa leiðbeinandi tilmæla á árinu 2016

Fjármálaeftirlitið setti á árinu 2016 Reglur um kaupaukakerfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 388/2016, og Reglur um framkvæmd eftirlits með innheimtustarfsemi samkvæmt innheimtulögum, nr. 981/2016. Í byrjun ársins 2017 voru einnig settar Reglur um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, nr. 150/2017 og reglur um fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila nr. 247/2017. Umrædd reglusetningarverkefni fólu í sér uppfærslur í ljósi breytinga sem orðið höfðu á sérlögum sem reglurnar byggðu á.

Á árinu 2016 gaf Fjármálaeftirlitið jafnframt út Viðmið og aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum. Í umræddu skjali er aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins vegna framkvæmdar könnunar- og matsferlis (SREP) hjá fjármálafyrirtækjum útskýrð og gerð grein fyrir mati á helstu áhættuþáttum í starfsemi þeirra. Samhliða þessari útgáfu gaf Fjármálaeftirlitið út Leiðbeinandi tilmæli um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja, nr. 1/2016. Tilmælin veita nánari skýringar á þeim kröfum sem Fjármálaeftirlitið gerir til stjórnunar fjármálafyrirtækja og byggja á viðmiðunarreglum EBA um sama efni.

Þá gaf Fjármálaeftirlitið út nokkur umræðuskjöl á árinu 2016. Þannig voru gefin út 6 umræðuskjöl um mitt ár 2016 til að kynna aðferðafræði við innleiðingu tæknilegra staðla sem fylgja CRD IV/CRR löggjöfni hér á landi. Engar efnislegar athugasemdir bárust vegna umræddra umræðuskjala og er gert ráð fyrir að reglur um efni þeirra verði gefnar út fyrir mitt ár 2017. Einnig gaf

Fjármálaeftirlitið út umræðuskjal um drög að reglum um fyrirgreiðslur til venslaðra aðila, en regludrögin byggja m.a. á breytingum sem gerðar hafa verið á lögum um fjármálafyrirtæki á undanförunum árum. Reglurnar hafa verið samþykktar af hálfu stjórnar Fjármálaeftirlitsins og hafa öðlast gildi.

Í upphafi árs 2017 gaf Fjármálaeftirlitið út umræðuskjal um drög að reglum um birtingu upplýsinga um fjárfestingarkostnað í ársreikningum lífeyrissjóða, en reglunum er ætlað að samræma framsetningu upplýsingagjafar um fjárfestingarkostnað. Áætlað er að vinnu við gerð regnanna ljúki á fyrri hluta árs 2017.

Birting áætlunar um setningu reglna og útgáfu leiðbeinandi tilmæla 2017 - 2018

Fjármálaeftirlitið hefur tekið upp þá nýjung að birta áætlun um setningu allra reglna og útgáfu leiðbeinandi tilmæla á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Birting áætlunarinnar er liður í að undirbúa eftirlitsskylda aðila fyrir breytingar sem eru í vændum og nær hún til tveggja ára í senn. Áætlunin verður endurskoðuð með reglubundnum hætti, til að tryggja að upplýsingagjöf til markaðar sé eins og best verður á kosið. Fjármálaeftirlitið vonar að þessi aukna upplýsingagjöf mælist vel fyrir og muni skila sér í aukinni vitund eftirlitsskyldra aðila um reglusetningarverkefni komandi ára. Þá vekur Fjármálaeftirlitið athygli á að fjölmörg verkefni á árunum 2017 - 2018 tengjast upptöku tæknilegra staðla og viðmiðunarreglna evrópsku eftirlitsstofnananna (EBA/ESMA/EIOPA). Auk umræddrar áætlunar er á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins unnt að fá yfirlit yfir allar réttarheimildir sem gilda á fjármálamarkaði. Allar reglur og öll leiðbeinandi tilmæli sem frá eftirlitinu stafa eru þar aðgengileg, flokkuð eftir ártali og tegund eftirlitsskyldra aðila, auk umræðuskjala sem gefin hafa verið út í aðdraganda ritunar þeirra.

1.3 Viðskiptahættir og neytendamál

Fjármálaeftirlitið hefur um árabil haft eftirlit með viðskiptaháttum eftirlitsskyldra aðila ásamt því að sinna upplýsinga- og leiðbeiningarhlutverki í samræmi við ákvæði stjórnisýslulaga. Ákvæði er varða viðskiptahætti eftirlitsskyldra aðila má finna í sérlögum um fjármálamarkað, sem og í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Á árinu 2016 bárust Fjármálaeftirlitinu 237 ábendingar og fyrirspurnir frá viðskiptavinum eftirlitsskyldra aðila. Nánar greint eftir mörkuðum bárust 7 skrifleg erindi vegna lífeyrismarkaðar, 38 vegna váttryggingamarkaðar, 108 vegna fjármálamarkaðar og 32 sem flokkast undir annað eða samtals 185 erindi. Alls komu 52 erindi í gegnum

síma, þar af vörðuðu 29 fjármálamarkað, 7 lífeyrismarkað, 6 váttryggingamarkað og 10 flokkast undir annað.

Breyting var gerð á neytendasímabjónustu Fjármálaeftirlitsins á fyrri hluta ársins 2016 og fólst hún í því að ekki var lengur auglýstur símatími. Þess í stað voru ítarlegar upplýsingar birtar á heimasíðu eftirlitsins um það ferli sem neytendur geta farið eftir til þess að fá úrlausn sinna mála. Neytendur geta þó hringt í Fjármálaeftirlitið ef leiðbeiningar á heimasíðu eru þeim óljósar eða vilji þeir koma ábendingum á framfæri.

Verkefni tengd viðskiptaháttum eru jafnan afar fjölbreytileg. Meðal verkefna á árinu voru:

- Viðvörðun varðandi öryggisþætti greiðsluforrita og mögulega misnotkun debetkortaupplýsinga, sbr. frétt á heimasíðu dags. 29. febrúar 2016.
- Athugun á áhættuþáttum í viðskiptum með fjármálagerninga sem tengdir eru gjaldmiðlum og eru í boði fyrir almenning, sbr. frétt á heimasíðu dags. 19. september 2016.
- Upplýsingagjöf um svonefnd jafningjalán sem ganga út á lánveitingar milli einstaklinga, en ekki banka til viðskiptavina, sbr. frétt á heimasíðu dags. 5. október 2016.
- Athugun á uppsagnarfresti váttryggingarsamninga og tilkynningum þar að lútandi, sbr. frétt á heimasíðu dags. 14. nóvember 2016.
- Upplýsingagjöf um stöðu umboðsmanns viðskiptavina hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf., sbr. frétt á heimasíðu dags. 30. nóvember 2016.
- Athugun á þjónustupáttum er tengjast greiðslureikningum þar sem tekið er gjald fyrir. Verkefnið er unnið í tengslum við samstarf á vettvangi Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (e. European Banking Authority - EBA). Vinna við verkefnið er enn í gangi en markmið þess er að koma á fót samanburðarvefsíðu sem geymir upplýsingar um kostnaðarliði vegna þjónustu hjá tilteknum fjármálafyrirtækjum.

Viðskiptaháttaeftirlit Fjármálaeftirlitsins hefur að mestu falist í því að bregðast við eftir því sem upplýsingar hafa borist um málefni varðandi starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Fjármálaeftirlitið hefur markvisst unnið að því að styrkja eftirlit með viðskiptaháttum með því að efla frumkvæðiseftirlit.

Fjármálaeftirlitið tekur þátt í starfsemi neytendaverndarnefnda eftirlitsstofnana Evrópusambandsins á lána- og váttryggingamarkaði. Neytendaverndarnefnd EBA, SCConFin (e. Standing Committee on Consumer Protection and Financial Innovation) gegnir einkum því hlutverki að bæta neytendavernd á lánamarkaði og fylgjast með nýjungum á fjármálamarkaði. Þá

er SCConFin-nefndinni ætlað að stuðla að öruggri, auðveldri og skilvirkri starfsemi greiðsluþjónustu innan Evrópusambandsins. Neytendaverndarnefnd EIOPA, CCPFI (e. Committee on Consumer Protection and Financial Innovation) gegnir sambærilegu hlutverki á lífeyris- og váttryggingamarkaði og SCConFin á bankamarkaði. CCPFI-nefndinni er ætlað að vinna að endurbótum á neytendavernd á lífeyris- og váttryggingamarkaði með hagsmuni váttryggingataka, váttryggðra og lífeyrissjóðsþega að leiðarljósi, einkum með því að fylgjast með þeim vörum sem í boði eru á markaði, bregðast við nýjungum á markaði og veita ráðgjöf eftir því sem við á.

Þátttaka Fjármálaeftirlitsins í alþjóðlegu samstarfi og aukið vægi málaflokksins innan eftirlitsins hefur leitt til þess að viðskiptaháttaeftirlit er orðið framvirkara (e. forward looking), þ.e. reynt er að bregðast við fyrirsjáanlegum vandamálum á markaði. Hér má nefna þemaathuganir sem framkvæmdar eru á vegum evrópskra eftirlitsstofnana á fjármálamarkaði, t.d. athugun á þjónustuþáttum er tengjast greiðslureikningum og tekið er gjald fyrir sem framkvæmd var af EBA.

Í desember 2016 gaf Fjármálaeftirlitið út ritið „Verðskuldað traust“ sem hefur meðal annars að geyma stefnumarkandi áherslur Fjármálaeftirlitsins fram til ársins 2020. Þar kemur meðal annars fram varðandi áherslu í viðskiptahátta og neytendamálum að Fjármálaeftirlitið leggi áherslu á að efla eftirlit með heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum, aukna upplýsingagjöf til neytenda og að fyrirtæki sem veiti fjármálaþjónustu gæti að hagsmunum neytenda. Þessu til stuðnings hefur Fjármálaeftirlitið lagt áherslu á að ljúka eftirfarandi verkefnum á árinu 2017:

- Endurskoðun reglna um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja en reglurnar voru upphaflega settar árið 2013 og hafa ekki verið endurskoðaðar síðan þá.
- Gerð reglna um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti váttryggingafélaga, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.
- Athugun á meðhöndlun kvartana hjá fjármálafyrirtækjum og váttryggingafélögum.
- Uppfærsla á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Aukin áhersla verður lögð á upplýsingagjöf á heimasíðu í formi fræðsluefnis og leiðbeininga til neytenda.

Fyrirhugað er að auka samstarf við aðrar stofnanir og eftir atvikum hagsmunasamtök á vettvangi neytendamála. Þá hefur Fjármálaeftirlitið haft til skoðunar á hvern veg eftirlitið getur notað samfélagsmiðla vegna starfsemi sinnar og hefur nú sett á fót Facebook síðu.

1.4 Innra starf

Mikil uppbygging stofnunarinnar undanfarin ár, ný verkefni og auknar kröfur hafa kallað á endurskoðun á stefnu og framtíðarsýn eftirlitsins. Á árinu var heildarstefna stofnunarinnar útfærð og stefnumarkandi áherslur og markmið til lengri tíma endurskilgreind samhliða vinnu við innleiðingu á nýjum lögum um opinber fjármál nr. 123/2015. Markmið laganna er að stuðla að góðri hagstjón og styrkri og ábyrgri stjórn opinberra fjármála meðal annars með því að tryggja heildstæða stefnumörkun í opinberum fjármálum til lengri og skemmri tíma. Í lögunum er jafnframt kveðið á um að ríkisaðilar skuli móta stefnu fyrir starfsemi sína fyrir a.m.k. næstu þrjú ár hverju sinni byggt á stefnu hvers málefna sviðs.

Heildarstefna Fjármálaeftirlitsins var útfærð í svokallaðar lykilstefnur en þær taka til stjórnunar, eftirlits og stoðþjónustu. Þá var unnið að nánari skilgreiningum á markmiðum og mælikvörðum stofnunarinnar til samræmis við framangreind lög og áherslur stjórnar. Markmiðin lúta bæði að kjarnastarfsemi og almennum rekstri stofnunarinnar. Þá hefur verið unnið að breyttu verklagi við gerð rekstraráætlana til samræmis við áherslur nýrra laga um opinber fjármál. Ennfremur gaf stofnunin sem fyrr segir út ritið „Verðskuldað traust“ sem hefur að geyma stefnumarkandi áherslur Fjármálaeftirlitsins næstu árin. Í ritinu er gerð grein fyrir níu stefnumarkandi áherslum til ársins 2020 sem og þeim aðgerðum sem stofnunin hyggst beita til að ná fram markmiðum sínum.

Í ofangreindri vinnu var leitast eftir virkri þátttöku allra starfsmanna stofnunarinnar, með það að markmiði að byggja upp sameiginlega sýn á árangur og auðvelda innleiðingu og framkvæmd.

Samhliða var unnið að ýmsum verkefnum sem styðja við stefnu stofnunarinnar og áherslur. Má þar sem dæmi nefna að fyrsta áfanga við gerð áhættumatskerfis, sem unnið hefur verið að á undanföllum misserum og byggir á þeirri áherslu stofnunarinnar að vera áhættumiðuð, lauk á tímabilinu. Áhættumatskerfið, sem hlaut nafnið Vaki, veitir starfsmönnum yfirsýn yfir eftirlitsskylda aðila og áhættu í fjármálakerfinu. Í Vaka má finna grunnupplýsingar um þá aðila sem falla undir eftirlit stofnunarinnar, áhættuvísu og niðurstöður áhættumats auk þess sem hægt er að nálgast upplýsingar um innsend gögn og þau eftirlitsverkefni sem unnið er að á hverjum tíma.

Þá var unnið að svokölluðu eigin áhættumati sem byggt er á þeim stöðlum sem stofnunin hefur valið að hafa til hliðsjónar, það er ISO/IEC 9001:2008 og ISO/IEC 27001:2013. Yfirflokkar áhættumats voru afmarkaðir og skilgreindir fyrir eftirlitsstarfsemi stofnunarinnar, rekstur og starfsskilyrði auk þess sem áhættuviðmið voru skilgreind. Skráðir verkferlar voru hafðir til hliðsjónar

við afmörkun áhættuþátta og mat lagt á líkur, áhrif og gæði stýringar þeirra áhættuþátta sem auðkenndir voru af matsteynum. Nú þegar hefur fjöldi úrbótaverkefna verið skráður og þeim hrundið í framkvæmd og lokið en það á sérstaklega við um þau verkefni sem falla undir eða styðja við reglubundið gæða- og öryggisstarf stofnunarinnar.

1.5 Rekstur og fjármál

Samkvæmt fyrirbyggjandi drögum að ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2016 námu rekstrargjöld samtals 2.035,1 m.kr. og höfðu aukist um 6,2% frá árinu 2015 þegar rekstrargjöldin námu 1.915,6 m.kr. Launakostnaður er stærsti liðurinn í rekstrargjöldum og nam hann 1.643,4 m.kr. á árinu 2015 samanborið við 1.547,6 m.kr. árið á undan. Hækkun launakostnaðar nam tæpum 6,2% og endurspeglar samningsbundnar launahækkunar, en fjöldi stöðugilda var óbreyttur milli ára. Útgjöld vegna tveggja úrskurðarnefnda sem vistaðar eru hjá stofnuninni eru meðtalin í rekstrargjöldum, en launakostnaður nefndarmanna nam 13,7 m.kr. á árinu 2016. Stærsti hluti þess kostnaðar er endurkrafinn.

Heildarrekstrartekjur Fjármálaeftirlitsins námu 1.766,2 m.kr. á árinu 2016. Þar af voru tekjur af eftirlitsgjaldi 1.710 m.kr. á móti 1.641,5 m.kr. á árinu 2015, sem jafngildir tæplega 4,2% hækkun milli ára. Aðrar rekstrartekjur námu samtals 56,2 m.kr., en þar af voru fjármagnstekjur 15,6 m.kr., sértekjur vegna selds fæðis 8,6 m.kr., endurkrafinn kostnaður vegna úrskurðarnefnda 12,6 m.kr. og ýmsar aðrar tekjur vegna gjaldskrárskyldrar starfsemi 19,4 m.kr.

Gjöld umfram tekjur á árinu 2016 voru því 268,9 m.kr. Samkvæmt rekstraráætlun ársins 2016 var gert ráð fyrir að ganga á eigið fé stofnunarinnar á árinu til að mæta gjöldum umfram tekjur og færa það jafnframt nær fjárhæð þess varasjóðs sem stofnuninni er heimilt að mynda, samkvæmt lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Eigið fé Fjármálaeftirlitsins í árslok 2016 nam 136,6 m.kr. en var í ársbyrjun 405,5 m.kr. Eigið fé í lok árs að frádregnum varasjóði, sem nemur að hámarki 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs, kemur til lækkunar á eftirlitsgjaldi næsta árs samkvæmt ákvæðum laga nr. 99/1999. Varasjóður samkvæmt framangreindu er 108,1 m.kr. í árslok 2016. Ársreikning fyrir árið 2016 er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Rekstraráætlun ársins 2017

Í skýrslu til fjármála- og efnahagsráðherra um rekstraráætlun ársins 2017, sem lögum samkvæmt var send í júní 2016, var áætlað að útgjöld stofnunarinnar næmu samtals 2.272,5 m.kr. árið 2017. Ennfremur var

áætlað að tekjur stofnunarinnar næmu 2.316,1 m.kr. Lagt var til að hagnaður að fjárhæð 43,5 m.kr. yrði færður yfir í eigið fé þannig að varasjóður næmi sem næst 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs. Samkvæmt fjárlögum sem samþykkt voru fyrir árið 2017 á Alþingi í desember 2016 nema heildartekjur 2.220,8 m.kr., þar af álagt eftirlitsgjald samkvæmt lögum nr. 99/1999 2.161,8 m.kr.

Skipting ráðstöfunartíma

Samkvæmt lögum nr. 99/1999 skulu eftirlitsskyldir aðilar standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins með sérstöku eftirlitsgjaldi. Í rekstraráætlun stofnunarinnar þarf því hverju sinni að leggja mat á þróun starfseminnar með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila. Þetta mat er stutt upplýsingum úr tímaskráningarkerfi stofnunarinnar. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu ráðstöfunartíma stofnunarinnar á helstu flokka eftirlitsskyldra aðila á árunum 2016 og 2015:

Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli flokka eftirlitsskyldra aðila	2016	2015
Lánastofnanir	56,5	61,3
Vátryggingafélög og vátryggingamiðlarar	13,0	12,2
Lífeyrissjóðir	12,9	12,3
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	8,3	4,8
Verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir	4,8	2,8
Útgefendur hluta- og skuldabréfa	2,1	4,7
Ýmsir aðilar	3,0	1,8
	100,0	100,0

Tímaskráning Fjármálaeftirlitsins sýnir einnig greiningu starfseminnar í tegundir verkefna eða viðfangsefni. Slík greining ráðstöfunartímans á árunum 2014 og 2015 er eftirfarandi:

Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli helstu verkefna	2016	2015
Eftirlitsverkefni	64,1	58,2
<i>reglubundið eftirlit (e. off-site)</i>	30,4	29,2
<i>vettvangsathuganir (e. on-site)</i>	17,5	9,0
<i>greiningar, þjóðhagsvarúð o.fl. (e. oversight)</i>	16,2	20,0
Reglusetning	5,8	6,2
Almennur rekstur	24,4	28,9
Erlent samstarf/samskipti	5,7	6,6
	100,0	100,0

Hildgunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur á eftirlitssviði

„Snemma á árinu ákváðum við hjónin, ásamt vinafólki okkar, að lesa eina bók frá hverju landi í heiminum. Þetta hefur gengið vel, og ég er búin með um sextíu lönd, þó vissulega sé erfiðara að finna bækur frá sumum löndum en öðrum. Það er ótrúlega gaman að vikka sjóndeildarhringinn á þennan hátt og margar áhugaverðar bækur, sem mér hefði aldrei dottið í hug að lesa annars, hafa orðið á vegi mínum.“



2. Fjármálamarkaðurinn

2.1 Horfur á fjármálamarkaði

Enn ríkir töluverð pólitísk óvissa í alþjóðahagkerfinu en nýjustu tölur benda þó til að hagvöxtur sé að taka við sér í helstu viðskiptalöndum Íslands. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn áætlar að hagvöxtur muni aukast lítillega á næstu tveimur árum í Bandaríkjunum en dragast saman á Evrusvæðinu og Bretlandi. Hrávöru- og olíuverð hefur hækkað á ný og væntingar eru um að auknum efnahagssumsvifum fylgi aukin verðbólga. Þessar væntingar endurspeglast meðal annars í hækkun á ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa. Á sama tíma nær hagvöxturinn á Íslandi nýjum hæðum þrátt fyrir aðhaldssama peningastefnu og er áætlað að hann hafi verið 7,2% á árinu 2016 samanborið við 3,5% að meðaltali á árunum 2013-2015. Stærstan hluta hagvaxtarins má rekja til fjárfestingar í ferðaiðnaði og aukinnar einkaneyslu. Þar sem skuldastaða og ráðstöfunartekjur heimila hafa batnað má reikna með að einkaneysla

muni vaxa áfram. Einnig er skortur á fasteignum svo íbúðafjárfesting mun líklega verða mikil á næstu árum. Flestar spár hafa bent til að hagvöxtur verði hóflegri næstu tvö árin en það má þó reikna með að hann verði hár miðað við helstu samanburðarríki.

Útflutningstekjur hafa aukist verulega en áætlað er að ferðaþjónustan hafi vaxið um 37% að raunvirði á liðnu ári. Fjármagnsflæðið sem kemur með þjónustuútflutningnum ýtir undir styrkingu krónunnar en hún styrktist um 12% á liðnu ári. Tekið var stórt skref í áttina að því að draga úr áhættu á krónumarkaði með setningu fjármagnsstreymistækis Seðlabankans. Eftir ákvörðun um setningu tækisins hefur dregið úr vaxtamunarviðskiptum sem hafa sögulega haft sveifluaukandi áhrif á gengi krónunnar. Þá hafa þessar hagstæðu aðstæður verið nýttar til að losa um fjármagnshöftin í áföngum og eru nú heimili og fyrirtæki í flestum tilfellum ekki bundin af þeim.

Verðbólgan hefur haldist undir 2,5% viðmiði Seðlabankans en styrking krónunnar og lækkanði hrávöruverð á alþjóðamörkuðum hafa unnið á móti innlendum verðbólguþrýstingi vegna verðlags- og launahækkana síðustu misseri. Þá mældist verðhjöðnun í almennu verðlagi án húsnæðis frá janúar 2016 til janúar 2017. Ekki er búist við að erlendar aðstæður verði jafn hagfelldar fyrir þróun verðbólgu hér á landi í náninni framtíð og mun verðbólga að öllum líkindum ná verðbólguþrýstingi Seðlabankans á árinu 2018. Spennan í þjóðarbúskapnum er mjög mikil en slíkt ástand hefur sögulega leitt til aukinnar verðbólgu og fjármálalegs ójafnvægis. Ekki er þó útilokað að verðbólgan verði áfram hófleg en verðbólguvæntingar markaðsaðila hafa haldið áfram að lækka og dregið hefur úr árhækkunum innlends verðlags.

Einn stærsti óvissuþátturinn á fjármálamarkaði í dag er hækkandi fasteignaverð en það hækkaði um 16,3% milli janúar 2016 og 2017. Mikilvægt er að eftirlitsaðilar fylgist vel með þróuninni en eins og nýleg dæmi sýna hafa sviptingar á fasteignamarkaði áhrif á stöðugleika í fjármála- og hagkerfinu.

2.2 Verðbréfamarkaður


Aðeins hægðist á þeim uppgangi sem hefur verið á verðbréfamarkaði undanfarin ár. Eitt nýtt félag, Skeljungur, bættist við á aðallista Kauphallarinnar en velta með hlutabréf jókst mikið á sama tíma og ávöxtun var neikvæð. Velta á skuldabréfamarkaði minnkaði milli ára og er svipuð og hún var árið 2014.

Þróun á hlutabréfamarkaði

Eftir mikla hækkun á hlutabréfamarkaði árið 2015 hófst árið 2016 á skarpri lækkun. Eftir að markaðurinn hafði jafnað sig og gott betur um vorið hélt hæg lækkun áfram út árið. Skeljungur var eina nýja félagið sem skráð var á markað á árinu og eru íslensku félögin á aðallista Kauphallarinnar nú orðin 17 talsins. Velta með hlutabréf hélt áfram að aukast og nam samtals rúmum 550 milljörðum króna. Er það 158 milljörðum króna meiri velta en árið áður, eða sem nemur 40% aukningu.

Eftir að öll félög á aðallista Kauphallarinnar höfðu hækkað árið 2015 var ávöxtun þeirra mjög misjöfn á árinu 2016. N1 hf. hækkaði mest eða um 93% en Icelandair hf. lækkaði um 35%. Hlutabréfavísitalan OMXIGI, sem mælir vegna meðaltalsávöxtun hlutabréfa allra skráðra

Mynd 1 Þróun hlutabréfavísitalunnar Nasdaq OMXIGI



hlutfélaga á aðalmarkaði að teknu tilliti til arðgreiðslna, lækkaði um 4,73% á árinu sem leið.


Þrátt fyrir nýskráningu félags á markað lækkaði samanlagt markaðsvirði félaga á aðallista Kauphallarinnar um 5,8% og var heildarmarkaðsvirði þeirra rúmlega 969 milljarðar króna í lok árs 2016. Heildarvirði innlendra hlutabréfa sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hefur því lækkað og stendur nú í tæplega 40% samanborið við 47% árið áður. Hlutfallið er enn nokkuð lægra á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Fyrstu þrjá mánuði ársins 2017 hefur markaðurinn náð að vinna upp lækkingu ársins 2016 og hækkað um tæp 6,2%, þrátt fyrir að eitt stærsta skráða félagið, Icelandair hf., hafi lækkað um rúm 40%.

Þróun á skuldabréfamarkaði

Ársvelta með skuldabréf lækkaði á árinu 2016 sem var áframhald á þeirri þróun sem hófst árið 2012, ef undan er skilið árið 2015. Útgáfan á árinu var mest í ríkisbréfum og sértryggðum bréfum en útgáfa beggja flokka dróst þó saman frá árinu 2015.

Í júní 2016 kynnti Seðlabankinn ný stjórnþæki til að hefja möguleg vaxtamunarviðskipti sem hluta af áætlun um losun fjármagnshafta sem kann að hafa dregið úr áhuga erlendra fjárfesta. Einnig hafa heimildir lífeyrissjóða til þess að fjárfesta erlendis og umfangsmeiri lánveitingar til sjóðsfélaga líklega dregið úr áhuga lífeyrissjóða á skuldabréfamarkaði.


Mynd 2 Ávöxtunarkrafa skuldabréfavísitalna Kauphallarinnar – Nasdaq hf.



Heimild: Kodiak Excel

Þegar lítið er til ávöxtunarkröfu á skuldabréfamarkaði má glögg sjá á mynd 2 að vísitölur óverðtryggðra skuldabréfa lækkuðu talsvert á árinu 2016 og þá sérstaklega samhliða stýrivaxtalækkingun í lok ágúst 2016, en stýrivextir voru lækkaðir í tvígang á árinu um samtals 75 punkta. Vísitölur verðtryggðra skuldabréfa sýna að ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa leitaði upp á við framan af árinu en tók snarpa dýfu við fyrrnefnda stýrivaxtalækkingun, auk þess að lánshæfismat ríkissjóðs hjá Moody's var hækkað á svipuðum tíma. Jákvæð þróun á markaðsaðstæðum varð til þess að ávöxtunarkrafa lækkaði undir lok ársins og enduðu vísitölur verðtryggðra skuldabréfa í árslok 2016 í svipuðum gildum og í upphafi árs.

Mynd 3 Verðbólguálag




Heimild: Kodiak Excel

Verðbólguálag hefur haldist lágt í sögulegum samanburði undanfarin ár. Á árinu 2015 var talsvert um kjarabaráttu ýmissa stétta og ótti við að miklar kjarahækkningar myndu leiða til aukinnar verðbólgu. Verðbólguálagið náði þannig hæst 4,83% (til tíu ára) í byrjun júní 2015 en var í lok árs 2016 í 2,37%. Auk minni óvissu í tengslum við kjarasamninga hefur sterkari króna og niðurfelling ýmissa gjalda á innflutta vöru haft áhrif.

Heildarverðmæti skráðra skuldabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði í Kauphöllinni nam 2.136 milljörðum króna í árslok 2016 samanborið við 2.119 milljarða króna í árslok 2015. Þá hefur velta þróast þannig að hún nam 5.005 milljörðum króna árið 2016 samanborið við 5.350

Mynd 4 Markaðsvirði skráðra skuldabréfa eftir eignaflokkum



Heimild: Nasdaq Iceland hf.

milljarða króna árið 2015.⁴ Sjá má nánari skiptingu á markaðsvirði skráðra skuldabréfa eftir eignaflokkum á mynd 6.

Markaðsverðmæti útgefna skuldabréfa og víxla í árslok 2016 skiptist þannig að 70% voru útgefin af opinberum aðilum á meðan 30% voru útgefin af einkaaðilum. Árið 2015 voru þessi sömu hlutföll 74% og 26% og heldur því vægi bréfa útgefna af einkaaðilum áfram að aukast milli ára.

2.3 Lánamarkaður

Í árslok 2016 voru starfandi fjórir viðskiptabankar, fjórir sparisjóðir og fimm lánaþyrftækir auk Íbúðalánasjóðs, eða samtals 14 lánastofnanir. Heildareignir lánastofnana í árslok 2016 námu samtals 4.250 milljörðum króna og þar af námu heildareignir viðskiptabanka samtals 3.254 milljörðum króna og hafa þær hækkað um 0,5% frá fyrra ári. Eignarhald ríkissjóðs og opinberra aðila er ríkjandi á lánamarkaði en hlutdeild þeirra í eigin fé allra lánastofnana í árslok 2016 nam 71%. Töluverðar breytingar eru fyrirhugaðar á eignarhaldi stóru viðskiptabankanna og hefur ríkisstjórnin gefið það út í stjórnarsáttmála sínum að ekki sé ákjósanlegt að ríkið fari með meirihlutaeign í viðskiptabönkum til framtíðar. Samkvæmt þeirri stefnumörkun mun ríkið minnka hlut sinn í varfærunum skrefum og í viðtækri sátt þar sem áhersla verði lögð á opið og gagnsætt ferli og gætt að sem mestri dreifingu eignarhalds. Þá kann Arion banki hf. að

verða skráður á hlutabréfamarkað á komandi misserum. Ný ríkisstjórn hefur gefið það út að 30% hlutur ríkisins í Landsbankanum verði í framtíðareignarhaldi þess. Fjármálaeftirlitið telur að mikilvægt sé að vanda til verka við sölu lánastofnana í eigu ríkisins og að tryggt verði að hæfir aðilar muni eiga og reka bankana til framtíðar.


Hlutfall heildareigna lánastofnana af vergri landsframleiðslu hefur farið lækkandi undanfarin ár frá því að vera 277% miðað við árslok 2009 í 175% miðað við árslok 2016. Þetta hlutfall var í kringum 900% í lok árs 2007. Skýringin á þróuninni frá árinu 2009 er einkum sú að verg landsframleiðsla hefur hækkað hlutfallslega meira en heildareignir lánastofnana sem hafa hækkað um 26% frá árslokum 2009.

Eiginfjárstaða

Í árslok 2016 nam eiginfjárgrunnur stóru viðskiptabankanna þriggja samtals 635 milljörðum króna, samanborið við 670 milljarða króna í árslok 2015. Eiginfjárgrunnur þeirra hefur því lækkað um rúmlega 5% á milli ára sem skýrist af arðgreiðslum og uppgreiðslum víkjandi lána. Eiginfjárhlutfall þeirra í árslok 2016 var að meðaltali 27,7%, samanborið við 28,2% í árslok 2015. Á árinu 2016 var lögum um fjármálaþyrftækir breytt með þeim hætti að eiginfjárgrunnur skiptist nú í almennt eigið fé þáttar 1 (e. common equity tier 1, CET1), viðbótar eigið fé þáttar 1 (e. additional tier 1, AT1) og eiginfjárþátt 2 (e. tier 2). Áður skiptist eiginfjárgrunnurinn í eiginfjárþátt A,

⁴ Tölulegar heimildir fengnar úr skýrslum Kauphallarinnar. <http://www.nasdaqomx.com/transactions/markets/nordic/statistics/icelandbondtradingomxi>


Mynd 1 Heildareignir lánastofnana á samstæðugrunni m.v. 31. desember 2016



Heimild: Fjármálaeftirlitið

B og C (e. tier 1, 2 og 3). Eiginfjárgrunnur stóru viðskiptabankanna þriggja er að mestu leyti samsettur af almennu eigin fé þáttar 1, eða um 98%. Við áhættumat banka er algengt að horft sé til hlutfalls almenns eiginfjár þáttar 1 (CET1).

Mynd 2 Þróun eiginfjárhlutfalls



Heimild: Fjármálaeftirlitið og EBA

Á mynd 2 má sjá samanburð á hlutfalli eiginfjárþáttar 1 af áhættugrunni milli annars vegar stóru íslensku viðskiptabankanna og hins vegar úrtaks banka innan Evrópusambandsins sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (e. European Banking Authority) tekur saman. Vegið hlutfall eiginfjárþáttar 1 hjá stóru viðskiptabönkunum var að meðaltali 27,2% í árslok 2016 samanborið við 15,3% hjá evrópsku bönkunum á þriðja ársfjórðungi 2016 (alls 198 bankar). Að auki má sjá samanburð á hlutfalli almenns eigin fjár þáttar 1 síðustu tvö ár en þar er munurinn enn meiri. Samanburðurinn sýnir að eiginfjárstaða íslensku bankanna er sterk en vert er að benda á að með auknum alþjóðlegum eiginfjárkröfum hafa eiginfjárhlutföll erlendra banka jafnframt farið hækkandi undanfarin ár.

Rekstrarafkoma

Hagnaður stóru viðskiptabankanna þriggja eftir skatta nam tæpum 59 milljörðum króna árið 2016, samanborið við rúma 106 milljarða króna árið 2015 og er það um 45% lækkun á milli ára. Þessi lækkun er að mestu leyti tilkomin vegna lækkunar tekna utan grunnrekstrar⁵ bankanna. Arðsemi eiginfjár (e. ROE) eftir skatta lækkaði töluvert frá fyrra ári og nam 8,9% árið 2016, samanborið við 16,6% árið 2015. Arðsemi grunnrekstrar fyrir skatta jókst hins vegar á milli ára og nam 8,7% árið 2016, samanborið við 8,1% árið 2015. Hreinar vaxtatekjur bankanna jukust um

⁵ Tekjur grunnrekstrar: Hreinar vaxtatekjur, hreinar þjónustu- og þóknatekjur. Kostnaður grunnrekstrar: Laun og launatengd gjöld, stjórnunarkostnaður og afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

tæpa 8 milljarða króna en hreinar þóknatekjur lækkuðu um 1,6 milljarða króna. Vaxtamunur nam 3,0% árið 2016, samanborðið við 2,9% árið 2015. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af hreinum rekstrartekjum nam 53,0% árið 2016, samanborðið við 42,5% árið 2015. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,6% og stóð í stað milli ára.

Fjármögnun og laust fé

Í árslok 2016 er samsetning fjármögnunar stóru viðskipta-bankanna þriggja þannig að um 1.596 milljarðar króna eru innlán frá viðskiptavinum (50%), 776 milljarðar króna er fjármögnun á markaði (24%), 642 milljarðar króna er eigið fé (20%) og aðrir liðir eru 181 milljarður króna (6%).

Samsetning fjármögnunar bankanna hefur breyst á milli ára. Þannig hefur hlutfall fjármögnunar á markaði hækkað um 5 prósentustig, en skuldir við lánastofnanir og seðlabanka hafa lækkað um 2 prósentustig, innlán frá viðskiptavinum um 1 prósentustig, víkjandi lán um 1 prósentustig og eigið fé um 1 prósentustig.

Fjármögnun á markaði er að langmestu leyti í erlendum gjaldmiðlum og er um 66% þeirrar fjármögnunar í evrum, 19% í bandaríkjadollurum, 9% í sænskum krónum og minna í öðrum gjaldmiðlum. Á árinu 2016 gáfu bankarnir út skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum fyrir um 265 milljarða króna. Vaxtakjör bankanna hafa verið að batna og fjármögnunin að lengjast. Skýringuna er að finna í hagstæðari stöðu á erlendum lánamörkuðum, meiri gæðum efnahagsreikninga bankanna með ári hverju, bættu lánshæfismati í kjölfar hækkunar á lánshæfismati ríkissjóðs og auknu trausti á

bankakerfið. Þá hefur orðið aukning í útgáfu sértryggðra skuldabréfa og nam fjárhæð þeirra í árslok 2016 um 163 milljörðum króna samanborðið við 107 milljarða króna í árslok 2015, sem er 52% aukning á milli ára.


Á gjalddaga árin 2017, 2018 og 2019 er fjármögnun í erlendum gjaldmiðlum að jafnvirði um 154 milljarða króna eða um 34% af útistandandi markaðsfjármögnun í erlendum gjaldmiðlum. Nýlegar útgáfur bankanna hafa leitt til þess að meðalefistöðvartími hefur lengst og hefur þannig dregið úr endurfjármögnunaráhættu. Lenging meðalefistöðvartíma hefur haft jákvæð áhrif á hlutfall stöðugrar fjármögnunar, en reglur Seðlabanka Íslands tiltaka að hlutfall stöðugrar fjármögnunar, svokallað NSFRR hlutfall, í erlendri mynt sé yfir 100% og voru hlutföll þeirra í árslok 2016 að meðaltali 163% samanborðið við 138% í árslok 2015.

Í samanburði við úrtak⁶ erlenda banka er eftirstöðvartími útgáfu íslensku bankanna áþekkur því sem er hjá erlendu bönkunum. Sjá mynd 3.

Af myndinni má sjá að 27% af öllum skráðum skuldabréfum íslensku bankanna eru á gjalddaga á næstu þremur árum í samanburði við 36% hjá erlendu bönkunum. Sé litið fram til ársins 2022 munu 68% af útgáfum íslensku bankanna falla á gjalddaga og 65% hjá erlendu bönkunum. Sé litið fram til ársins 2026 eru hlutföllin mjög áþekkt eða rúmlega 80%.

Bankarnir eru með góða lausafjástöðu eða um 200 milljarða króna umfram lágmarkskröfur gildandi reglna um lausafjárkröfu. Samkvæmt reglunum hækkaði lágmarkshlutfall lausafjár alls úr 90% í 100% þann 1.

Mynd 3 Uppsafnaðar hlutfallstölur skráðra skuldabréfaútgáfa banka eftir gjalddögum




Heimild: Fjármálaeftirlitið og EBA

■ Íslenskir bankar ■ Erlendir bankar

⁶ Um er að ræða úrtak EBA (sem byggir á gögnum frá SNL m.v. 12. janúar 2017) á 43 bönkum innan Evru svæðisins og í öllum tilvikum er um að ræða skráð verðbréf.

Mynd 4 Hlutfall lána í 90 daga vanskilum hjá stóru viðskiptabönkunum á tímabilinu m.v. útlánaaðferð (e. facility based approach).



janúar 2017 og var hlutfall lausafjár alls í árslok 2016 að meðaltali 153% samanborið við 124% í árslok 2015. Samkvæmt sömu reglum er lágmarkshlutfall lausafjár í erlendum gjaldmiðlum 100%. Bankarnir voru allir með há lausafjárhlutföll í erlendum gjaldmiðlum í árslok 2016 og voru hlutföll þeirra að meðaltali 396% samanborið við 326% í árslok 2015.

Hlutfall kvaðabundinna eigna lækkaði á árinu 2016 úr 17,8% í 15,7% að meðaltali. Stór liður lækkunarinnar skýrist af endurfjármögnun Landsbankans hf. á veðtryggðri fjármögnun frá slitabúi gamla bankans með nýrri óveðsettri markaðsfjármögnun. Til samanburðar var hlutfallið að meðaltali 26,5% í úrtaki 156 evrópskra banka samkvæmt upplýsingum frá EBA.⁷

Útlánaáhætta og eignagæði

Bókfært virði útlána stóru viðskiptabankanna þriggja til viðskiptavina nam 2.254 milljörðum króna í árslok 2016 en það er 4,5% aukning frá árslokum 2015 þegar útláanin námu 2.158 milljörðum króna. Verðbólga ársins 2016 var 1,7% og jókst raunvirði lánasafns bankanna því um 2,8% sem er töluvert undir hagvexti ársins 2016 sem var 7,2% og eru því engin merki um útlánaþenslu til staðar hjá stóru viðskiptabönkunum.

Stóru viðskiptabankarnir hafa lokið endurskipulagningu útlána vegna fyrirtækja sem lentu í fjárhagserfiðleikum eftir hrunið. Einstaklingar og fyrirtæki hafa frá þeim tíma verið að greiða niður skuldir og styrkt þannig eiginfjárstöðu sína. Frá árinu 2008 hafa gæði lánasafna bankanna því farið batnandi. Hlutfall lána í 90 daga vanskilum hefur farið lækkandi en á seinni

árhelmingi ársins 2016 hækkaði hlutfallið miðað við bókfært virði í fyrsta skiptið frá hruni eins og sjá má á mynd 4 og hafa 90 daga vanskil því mögulega náð botni í hagsveiflunni.

Samantekt

Eiginfjárstaða stóru viðskiptabankanna þriggja er enn góð og töluvert umfram það sem þekkist alþjóðlega. Út frá eiginfjárstærðum hafa bankarnir því svigrúm til frekari arðgreiðslna en í því sambandi þarf m.a. að taka tillit til þess að íslensk stjórnvöld eiga eftir að innleiða evrópska tilskipun um viðbúnað og skilameðferð fjármálafyrirtækja (svonefnd BRRD tilskipun Evrópusambandsins). Samkvæmt þessari tilskipun munu fjármálafyrirtæki þurfa að uppfylla sérstakar kröfur um eigið fé og eftirgefanlegar skuldbindingar (e. bail-in able) en tilgangur slíkra krafna er að minnka verulega líkur á að skattgreiðendur þurfi að hlaupa undir bagga ef endurreisa þarf fjárhag kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja.

Mikil óvissa hefur ríkt síðastliðin ár í tengslum við afnám hafta en nú hafa stjórnvöld rýmkað verulega gjaldeyrisheimildir einstaklinga og fyrirtækja. Þrátt fyrir auknar heimildir hefur útflæði innstæðna hjá viðskiptavinum bankanna verið óverulegt en mikil gengisstyrking íslensku krónunnar og óhagfelld skilyrði á erlendum mörkuðum hafa dregið úr áhuga fjárfesta á að skipta krónum í erlendan gjaldeyri.

Hagnaður bankanna dróst verulega saman á milli ára. Afkoma ársins 2016 ætti hins vegar að vera meira lýsandi fyrir framtíðarafkomu bankanna en afkoma ársins 2015 þar sem samdráttur í hagnaði ársins 2016 skýrist fyrst og

⁷ LCR og NSFR hlutföll eru á móðurfélagsgrunni. Hlutföll um kvaðabundnar eignir eru á samstæðugrunni.

fremst af lægri tekjum utan grunnrekstrar þeirra.

Áfram ríkir óvissa um framtíðar eignarhald og skipulag fjármálaefirtækja á lánamarkaði. Mikilvægt er að vandað sé til verka við sölu á lánastofnunum í eigu ríkisins og við mögulegar skipulagsbreytingar á lánamarkaði.

2.4 Vátryggingamarkaður

Vátryggingamarkaður

Í árslok 2016 höfðu 12 vátryggingafélög starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu, þar af fjögur félög á skaðatryggingamarkaði og fimm félög á líftryggingamarkaði. Að auki eru Íslensk endurtrygging hf. og Trygging hf. endurtryggingafélög, sem eingöngu gera upp eldri skuldbindingar, og Viðlagatrygging Íslands sem starfar eftir sérlögum. Um áramótin stóð fyrir dyrum sameining Varðar líftrygginga hf. og Okkar líftrygginga hf. Fjármálaeftirlitið veitti í ársbyrjun heimild til flutnings vátryggingastofnsins og sameiningu félaganna og því eru 11 félög starfandi nú.

Þann 1. október 2016 tóku gildi ný lög nr. 100/2016, um vátryggingastarfsemi, sem leystu af hólmi eldri lög frá árinu 2010. Undir gildissvið laganna fellur starfsemi innlendra og erlendra vátryggingafélaga hér á landi og gilda lögini um frumtryggingastarfsemi á sviði skaðatrygginga og líftrygginga og hvers konar endurtryggingastarfsemi.


Nýju lögini byggja á Solvency II sem er nýtt regluverk á vátryggingamarkaði en í hnotskurn felst í Solvency II að kröfur til gjaldþols og áhættustýringar eru auknar með það að markmiði að auka vernd vátryggingataka og draga úr líkum á tapi neytenda eða truflunum á markaði. Í kjölfar innleiðingarinnar hefur Fjármálaeftirlitið hafið vinnu við innleiðingu tæknistaðla sem fylgja Solvency II gerðum frá ESB með útgáfu nýrrar reglugerðar. Fjármálaeftirlitið hefur fylgt Solvency II innleiðingunni eftir með kynningarfundum, m.a. vegna gagnaskila, vettvangskönnunum og sérfundum með eftirlitsskyldum aðilum, auk almennra eftirlitsstarfa.

Með Solvency II regluverkinu breyttust matsaðferðir liða í efnahagsreikningi vátryggingafélaga og taka þær nú meira mið af hagrænum meginreglum, hliðstætt og gildir samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Vátryggingaskuld er þannig meðaltal núvirts líkindavegens framtíðarfjárstreymis að viðbættu áhættuálagi og gjaldþolskröfur eru áhættumiðaðar.


Gjaldþolskrafan er ákvörðuð út frá mati á 200 ára tapsatburði fyrir hvern og einn áhættuþátt. Markaðsáhætta myndar stærsta framlag einstakra áhættuþátta í gjaldþolskröfu íslenskra vátryggingafélaga en áhætta vegna skaðatrygginga kemur þar á eftir. Áhætta vegna mótaðilaáhættu, líf- og heilsutryggingaáhættu og rekstraráhættu vegur minna.

Vátryggingafélögum ber að mæta gjaldþolskröfum með viðeigandi samsetningu gjaldþolsliða. Mynd

Mynd 1 Samsetning gjaldþols hlutfalls líf- og skaðatryggingafélaga



Mynd 2 Samsetning eigna váttryggingafélaga 31. desember 2016



1 sýnir einstaka þætti í samsettri gjaldþolskröfu Solvency II samkvæmt efnahagsreikningi allra íslenskra váttryggingafélaga. Samsett gjaldþolslutfall allra líf- og skaðtryggingafélaga var 1,70 í ársbyrjun 2016. Gjaldþolslutfall skaðatryggingafélaga var 1,66 og líftryggingafélaga 2,09.

Arðgreiðslur váttryggingafélaga, sem skráð eru í kauphöll, á síðasta ári urðu á endanum lægri en í fyrstu var lagt til. Vegna þrýstings hagsmunaaðila og einstakra eigenda var dregið úr arðgreiðslum en endurkaup félaganna á eigin bréfum héldu áfram. Váttryggingafélögin eru vel fjármögnuð og aukið eigið fé hefur gefið þeim svigrúm til þess að ráðast í áhættusamari fjárfestingar sem skýrir háa gjaldþolskröfu vegna markaðsáhattu.

Samanlagðar eignir allra váttryggingafélaga hér á

landi í lok árs 2016 námu um 139 milljörðum kr. og hækkuðu um tæplega 3,6% frá fyrra ári. Mynd 2 sýnir eignasamsetningu váttryggingafélaga í árslok 2016. Hlutdeild hlutabréfa var 21% í árslok 2016 og hefur hún hækkað frá fyrra ári eins og búast mátti við. Hlutdeild skuldabréfa var 37% í árslok 2016 og hefur hún minnkað nokkuð frá fyrra ári.


Á mynd 3 má sjá samsetningu skuldahliðar efnahagsreiknings skaða- og líftryggingafélaga í árslok 2016. Eiginfjárstaðan hefur hækkað jafnt og þétt á síðustu misserum. Váttryggingaskuldin hefur hækkað um tæplega 4 milljarða króna eða 6% en um er að ræða annað ársuppgjörið sem félögin semja í samræmi við matsaðferðir Solvency II regluverksins.

Rekstur váttryggingafélaga

Afkoma váttryggingafélaganna á árinu 2016 var betri en á árinu á undan. Hagnaður félaganna var borinn uppi af fjárfestingarstarfsemi. Samdráttur var í hagnaði af fjármálastarfsemi en hagnaður af skaðatryggingarekstri jókst og vó fyrirnefndan samdráttur upp að hluta. Afkoman af líftryggingarekstri breyttist lítið á milli ára. Reikningsárið 2015 var að hluta óvenjulegt vegna þess að það ár breyttu flest váttryggingafélög matsaðferðum sínum til samræmis við aðferðir Solvency II regluverksins.


Iðgjöld váttryggingafélaga jukust um 11% á árinu 2016 en rekstrarkostnaður jókst örlítið minna eða um 9% miðað við fyrra ár. Á mynd 4 sést þróun afkomu og sundurlíðun hagnaðar félaganna eftir starfsþáttum á árunum 2013-2016.

Mynd 3 Samsetning skulda og eigin fjár váttryggingafélaga 31.12.2016




Heimild: Fjármálaefirlitið

Mynd 4 Þróun afkomu váttryggingafélaga 2013-2016



Heimild: Ársreikningar váttryggingafélaga

Mynd 1 Raunávöxtun samtryggingadeilda lífeyrissjóða



Heimild: Fjármálaeftirlitið

■ Raunávöxtun

— 25 ára meðaltal

2.5 Lífeyrissjóðir

Við árslok 2016 voru starfandi 25 lífeyrissjóðir sem veittu skyldusparnaði móttöku í samtryggingu⁸ og af þeim tóku 13 á móti valfrjálsum sparnaði í séreign. Lífeyrissjóðum fækkaði um einn, á liðnu ári, eftir samruna lífeyrissjóðanna Stafa og Sameinaða lífeyrissjóðsins. Hinn nýi sjóður hlaut nafnið Birta lífeyrissjóður. Við árslok buðu sjö vörsluaðilar aðrir en lífeyrissjóðir upp á séreignarsparnað.

Þrátt fyrir aukinn hagvöxt og styrka stöðu efnahagsmála hér á landi á liðnu ári var vegin raunávöxtun samtryggingadeilda lífeyrissjóðanna aðeins um 0%. Helstu ástæður lægri ávöxtunar eru lækkanir á innlendum hlutabréfamarkaði og styrking krónunnar. Lífeyrissjóðirnir eru í eðli sínu langtímafjárfestar og ber að líta til þess þegar árangur af ávöxtun er metinn. Miðað við raunávöxtun síðastliðinna 25 ára var meðalávöxtun samtryggingadeilda 4,3% sem er vel yfir viðmiði um 3,5% raunávöxtun til lengri tíma.

Heildareignir samtryggingadeilda lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar, í árslok 2016, námu annarsvegar 3.169 milljörðum króna og hinsvegar 502 milljörðum króna. Heildareignir í vörslu þessara aðila nema samtals 3.671 milljarði króna. Aukning eigna


milli ára nemur 218 milljörðum króna eða nálægt 6%. Ótalin er lífeyrissparnaður í vörslu erlendra aðila en hann er talinn nema rúmlega 30 milljörðum króna. Frá 1. júní 2017 verða þær breytingar, sbr. lög nr. 127/2016, á fyrirkomulagi A-deilda lífeyrissjóða starfsmanna ríkis og sveitarfélaga að ábyrgð launagreiðenda á réttindum sjóðfélaga fellur niður. Í kjölfar þessara breytinga munu ríki og sveitarfélög gera upp skuldbindingar sínar og greiða til sjóðanna 140-150 milljarða króna á árinu 2017.

Heildar lífeyrissparnaður í formi samtryggingar og séreignar, í árslok 2016, er nálægt 152% af áætlaðri vergri landsframleiðslu (VLF) ársins. Þetta hlutfall lækkaði um tvö prósentustig frá fyrra ári vegna lægri ávöxtunar sjóðanna og aukinnar landsframleiðslu milli ára. Stöðugur vöxtur lífeyrissparnaðar hefur átt sér stað frá fjármálakreppunni 2008 og eignir lífeyrissjóðanna því orðið fyrirferðarmeiri á innlendum fjármálamarkaði með um 75% af eignunum á þeim markaði. Íslensku lífeyrissjóðirnir eru því mjög stórir þátttakendur á innlendum skulda- og hlutabréfamarkaði og er ábyrgð þeirra mikil gagnvart atvinnulífni og stöðugleika á innlendum fjármálamarkaði.

Iðgjöld ásamt aukaframlögum námu um 170 milljörðum króna á árinu 2016. Útgreiddur lífeyrir á sama tíma nam 110 milljörðum króna. Nettó innflæði

⁸ Einn lífeyrissjóður, Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands, tekur þó ekki við iðgjöldum.


Mynd 2 Eignir samtrygginga- og séreignardeilda




á ársgrundvelli er því um 60 milljarðar króna. Á mynd 3 má sjá þróun nettó innflæðis til lífeyrissjóðanna, þ.e. inngreidd iðgjöld, ásamt aukaframlögum, að frádregnum útgreiddum lífeyri, frá árinu 2005. Árið 2007 komu til veruleg viðbótarframlög til lífeyrissjóða

starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Á sama tíma sést þróun lífeyrisbyrðar, það er hlutfall lífeyris af iðgjöldum. Í kjölfar fjármálakreppunnar dró úr iðgjöldum og lífeyrisgreiðslur jukust á sama tíma. Fram til ársins 2018 munu iðgjöld væntanlega vaxa um 15-20% vegna hækkunar iðgjalds

Mynd 3 Nettó innstreymi



Mynd 4 Eignasamsetning lífeyrissjóða og hlutdeild erlendra fjárfestinga



Heimild: Fjármálaeftirlitið

launagreiðenda á almennum vinnumarkaði úr 8% í 11,5%. Á næstu árum mun því árlegt nettó innflæði aukast verulega, eða um 20-30 milljarða króna

Samsetning eigna og útlán


Eignasamsetning samtryggingadeilda lífeyrissjóðanna tók verulegum breytingum eftir fjármálakreppuna 2008 þar sem hlutfall fjármálagerna með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga jókst verulega sem hlutfall af heildareignum. Jafnframt hækkaði hlutfall erlendra eigna á sama tíma vegna verulegs verðfalls á innlendum hluta- og skuldabréfamarkaði og náði hæst um 30% af heildareignum árið 2009. Frá þeim tíma er lífeyrissjóðum var heimilt að fjárfesta í erlendum fjármálagerningum hafa þeir aldrei nýtt sér að fullu heimildir um allt að 50% af eignum í erlendum fjárfestingum.

Á síðastliðnum 2-3 árum hefur orðið veruleg aukning í skráðum innlendum hlutabréfum í eignasöfnum

lífeyrissjóðanna og er talið að hlutdeild þeirra beint og óbeint, í gegnum sjóði og félög, nemi nálægt 45%. Lífeyrissjóðir hafa í auknum mæli aukið við fjárfestingar í innlendum fjármálagerningum til fjármögnunar á samlagshlutafélögum og öðrum félögum vegna meðal annars fasteignaverkefna af ýmsu tagi og flokkast þau sem önnur verðbréf. Sjá mynd 4.

Árið 2016 varð veruleg aukning í útlánnum með veði í fasteign sem að mestu eru lán til sjóðfélaga. Lífeyrissjóðirnir hafa alla tíð verið einn stærsti aðilinn við fjármögnun íbúðarlánakerfisins og þá fyrst og fremst í gegnum Íbúðalánasjóð. Á liðnum tveimur árum hafa þeir sótt milliliðalaust inn á þennan hluta fjármálamarkaðarins með lánveitingum beint til sjóðfélaga, í samkeppni við banka og aðrar fjármálastofnanir. Nú er hlutdeild sjóðfélagalána í eignasöfnum lífeyrissjóða svipuð og var fyrir fjármálaáfallið 2008. Sjá mynd 5.

Mynd 5 Útlán lífeyrissjóða



Heimild: Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands

Áhættumiðað eftirlit

Í október 2016 voru samþykkt lög nr. 113/2016, um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Lögin taka gildi þann 1. júlí 2017 og lúta annars vegar að breytingum á fjárfestingarheimildum og fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og hins vegar að nýjum ákvæðum um áhættustýringu. Skilgreiningu á eignaflokkum og magnbundnum takmörkunum laganna er breytt en auk þess eru lögfestar almennar meginreglur varðandi fjárfestingar lífeyrissjóða á grundvelli skynsemisreglunnar (e. prudent person principle). Meginreglunum er m.a. ætlað að stuðla að upplýstri ákvarðanatöku, framsýni við ráðstöfun fjár til fjárfestinga og tryggja að hagsmunir sjóðfélaga séu hafðir að leiðarljósi.

Skynsemisreglan samræmist vel áherslum Fjármálaeftirlitsins um áhættumiðaða nálgun í eftirliti. Með skilvirku og reglulegu mati á helstu áhættuþáttum í starfsemi lífeyrissjóða er ætlunin að tryggja skynsamlega forgangsröðun eftirlitsverkefna. Heildstætt áhættumat, þar sem markmiðið er að koma auga á skaðlega hvata eða óhóflega uppsöfnun áhættu, er jafnframt grundvöllur fyrir umræðu og ábendingar um það sem betur má fara í starfsemi sjóðanna.

Mynd 6 Áhættumiðað eftirlit



Líftöflur

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur um nokkurt skeið unnið að breytingum á útreikningi dánar- og eftirlifendataflna þannig að þær taki tillit til spáa um áframhaldandi lækkun dánartíðni. Félagið hafði boðað að ný aðferðafræði tæki gildi á árinu 2016, sem hefði að óbreyttu leitt til hækkunar á skuldbindingum lífeyrissjóða. Með breytingu á reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða tók fjármála- og efnahagsráðuneytið yfir útgáfu lýðfræðilegra forsendna í tryggingafræðilegum athugunum. Í töflum sem ráðuneytið hefur birt eftir breytinguna er þó ekki tekið tillit til væntinga um aukið langlífi.

2.6 Rekstrarfélög verðbréfasjóða, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir og fagfjárfestasjóðir

Rekstrarfélög verðbréfasjóða eru fjármálafyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og reka sjóði um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir hljóta staðfestingu Fjármálaeftirlitsins og gerðar eru ríkar kröfur til skipulags þeirra, starfsemi og stjórnunar. Fagfjárfestasjóðir standa eingöngu fagfjárfestum til boða og eru samkvæmt gildandi löggjöf eingöngu tilkynningarskyldir til stofnunarinnar og lúta takmörkuðu eftirliti sem lýtur aðallega að upplýsingagjöf. Þá eru engar hömlur settar á fjárfestingar þeirra, ólíkt verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum. Eftirlit með rekstraraðilum fagfjárfestasjóða mun þó aukast með tilkomu svokallaðrar AIFMD tilskipunar sem hefur verið í gildi í Evrópu undanfarin ár, en hefur ekki enn verið innleidd hér á landi. Vonir standa til að hún verði innleidd á Íslandi á árinu 2017.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins voru tíu talsins í lok árs 2016, og hefur fjöldi þeirra verið óbreyttur frá árinu 2014. Meginstarfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða felst í að reka verðbréfa- og fjárfestingarsjóði en einnig fagfjárfestasjóði, þó það séu ekki eingöngu rekstrarfélög sem hafa heimild til reksturs á þeim. Með tilkomu fyrrnefndrar AIFMD tilskipunar munu rekstraraðilar sérhæfðra sjóða þurfa að sækja um starfsleyfi sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða.


Verðbréfasjóðum hefur farið fækkandi undanfarin ár og fækkaði um fimm síðastliðið ár. Alls voru starfræktir 45 verðbréfasjóðir og sjóðsdeildir á árinu 2016. Fjárfestingarsjóðum fer enn fjölgandi og fjölgaði þeim um átta á síðastliðnu ári. Alls var starfræktur 61 fjárfestingarsjóður og sjóðsdeild á árinu 2016. Í lok ársins 2016 námu heildareignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða 516 milljörðum króna. Þar af námu eignir verðbréfasjóða

um 154 milljörðum króna og eignir fjárfestingarsjóða um 362 milljörðum króna.

Eignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða hafa aukist umtalsvert síðastliðin ár og var sú aukning mest á árunum 2015-2016, eða samtals um 150 milljarða króna. Þar af var aukningin 93 milljarðar króna á árinu 2015 og 57 milljarðar króna á árinu 2016. Aukningu beggja ára má rekja til fjárfestingarsjóðanna en eignir þeirra jukust um 196 milljarða króna eða 118% á þessum tveimur árum. Sú aukning skiptist nokkuð jafnt á milli árunum 2015 og 2016. Eignir verðbréfasjóðanna lækkuðu jafnt og þétt árin 2013-2016, eftir að hafa vaxið mikið á fyrstu árunum eftir hrun. Mest var lækkunin á árunum 2014 og 2016, þ.e. um 40-45 milljarða króna eða um 20% hvort ár.

Fagfjárfestasjóðum undir eftirliti fjölgaði um 17 sjóði á árinu og voru starfræktir alls 102 fagfjárfestasjóðir í rekstri 15 aðila í árslok 2016. Heildareignir fagfjárfestasjóðanna jukust umtalsvert, þ.e. um 129 milljarða króna eða um 41%, á síðastliðnu ári. Heildareignir þeirra námu um 444 milljörðum króna í lok árs en hrein eign var um 189 milljarðar króna. Þá hefur skuldbinding fagfjárfestasjóða aukist frá árinu 2015, eða úr rúmum 50% í rúm 57% í lok árs 2016.

Mynd 1 Þróun eigna verðbréfa- fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða



Heimild: Fjármálaeftirlitið


Eignasamsetning verðbréfa- og fjárfestingarsjóða

Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri heimildir til fjárfestinga en verðbréfasjóðir, þ.e. í einstökum útgefendum, eignaflokkum, hlutföllum í skráðum og óskráðum fjármálagerningum og jafnframt hafa þeir heimild til lántöku. Þeir eru því áhættusamari í eðli sínu en verðbréfasjóðir.


Eignasamsetning verðbréfasjóða er mjög frábrugðin eignasamsetningu fjárfestingarsjóða en um 87% af eignum verðbréfasjóðanna eru bundnar í bréfum útgefnum af eða með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga. Eignir fjárfestingarsjóða eru töluvert dreifðari. Um 42% eru í innlánum og reiðufé, um 25% í hlutabréfum og um 10% í bréfum útgefnum af eða með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga. Þessi hlutfallslega skipting breyttist nokkuð á árinu 2016 en áður fjárfestu fjárfestingarsjóðir mest í hlutabréfum. Hlutfallslega aukningu í innlánum má m.a. rekja til fjölgunar lausafjárstöða sem fjárfesta að mestu leyti í innlánum og eru sjóðirnir ætlaðir fjárfestum sem vilja fjárfesta til skamms tíma.

Eignir fagfjárfestastjóða eru einkum í hlutabréfum, fasteignaveðtryggðum skuldabréfum, lánasamningum og öðrum skuldabréfum.

Mynd 2 Eignasamsetning verðbréfa- og fjárfestingarsjóða m.v. árslok 2016



Heimild: Fjármálaeftirlitið

A woman with long brown hair, wearing a blue cycling jacket, black cycling pants, and a blue and white helmet, is riding a silver and green bicycle on a dirt path through a forest. The path is surrounded by tall, thin trees with green foliage. The lighting is bright, suggesting a sunny day. The woman is looking towards the camera with a slight smile.

Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir
framkvæmdastjóri rekstrarsviðs
Fjármálaeftirlitsins

„Mér hefur alltaf þótt gaman að hjóla og hef hjólað frá því ég var barn. Eftir að börnin mín stækkuðu og skulið til og frá æfingum minnkaði fór ég að hugsa um að reyna að nýta hjólreiðar meira sem samgöngumáta. Ég lét loks verða að því á síðasta ári að fá mér nýtt hjól og hjólaði reglulega til og frá vinnu meirihluta síðasta árs.

Á hjólinu ferðast ég um staði sem ég kem hvorki á akandi né gangandi og svo get ég notið þess að anda að mér gróður- og sjávarilmi sem fer nánast framhjá þeim sem sitja inni í bílum“

3. Annáll ársins

3.1 Helstu atburðir frá maí 2016 til aprílloka 2017

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns Fjármálaeftirlitið tilkynnti hinn 17. maí 2016 um yfirfærslu váttryggingastofns Guardian Assurance Limited til R&Q Insurance (Malta) Limited.

Annar fundur fjármálastöðugleikaráðs árið 2016

Sagt var frá því 19. maí 2016 á vef Fjármálaeftirlitsins að annar fundur fjármálastöðugleikaráðs á árinu 2016 hefði verið haldinn daginn áður í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Þar sagði meðal annars: „Þeir áhættuþættir sem taldir eru skipta mestu máli um þessar mundir eru merki um aukna spennu í þjóðarþúskapnum sem til lengdar getur aukið hættu á fjármálalegu ójafnvægi, sviptingar á alþjóðlegum mörkuðum sem gætu haft áhrif á aðgengi innlendra banka að erlendum lánsfjármörkuðum og aukið innstreymi fjármagns sem gæti ýtt undir aukna skuldsetningu innlendra aðila og dregið úr viðnámsþrótti þeirra í niðursveiflu.“

Nýjar reglur um kaupaukakerfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki

Þann 23. maí 2016 var sagt frá því á vef Fjármálaeftirlitsins að stjórn stofnunarinnar hefði þann 13. apríl samþykkt nýjar reglur um kaupaukakerfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið birtir aðferðafræði og almenn viðmið vegna framkvæmdar könnunar- og matsferlis FME

Síðasta dag maímánaðar 2016 birtist frétt um að Fjármálaeftirlitið hefði birt aðferðafræði og almenn viðmið vegna framkvæmdar könnunar- og matsferlis Fjármálaeftirlitsins. Fram kom að aðferðafræðin byggði á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um könnunar- og matsferli frá desember 2014 og ynni Fjármálaeftirlitið samkvæmt þeim viðmiðunarreglum frá ársbyrjun 2016 þegar þær tóku gildi.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns
Tilkynnt var um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns RSA Insurance Ireland Limited til Royal & Sun Alliance Insurance plc. á vef Fjármálaeftirlitsins hinn 7. Júní 2017.

Fjármálaeftirlitið hefur metið Arion banka hf. hæfan til að fara með virkan eignarhlut í Verði tryggingum hf. og Verði líftryggingum hf.

Sagt var frá því á vef Fjármálaeftirlitsins hinn 10. júní 2016 að 2. júní hefði Fjármálaeftirlitið komist að þeirri niðurstöðu að Arion banki hf. væri hæfur til að fara með virkan eignarhlut í Verði tryggingum hf., sem næmi 100%, sbr. VI. kafla laga nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi. Ennfremur að Arion banki hf. væri hæfur til að fara með 100% eignarhlut í Verði líftryggingum með óbeinni hlutdeild.

Heildarniðurstöður ársreikninga fjármálfyrirtækja o.fl. 2015

Fjármálaeftirlitið birti hinn 16. júní 2016 skýrslu með heildarniðurstöðum ársreikninga ársins 2015 hjá fjármálfyrirtækjum, þ.e. viðskiptabönkum, sparisjóðum, lánafyrirtækjum (einu nafni lánastofnanir), verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamíðlunum og rekstrarfélögum verðbréfasjóða, ásamt upplýsingum um heildareignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í rekstri einstakra rekstrarfélaga og heildareignir fagfjárfestingarsjóða í rekstri rekstrarfélaga og annarra rekstraraðila. Jafnframt væru í skýrslunni nánar tiltekna upplýsingar um greiðslustofnanir og innlánsdeildir samvinnufélaga.

Túlkun - Birting upplýsinga um niðurstöður útboða fjármálagerninga og Tilkynningarskylda fruminnherja samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
Fjármálaeftirlitið sagði frá því 24. júní 2016 á vef sínum að stofnunin hefði birt túlkanir á vef sínum sem bæru yfirskriftina: Birting upplýsinga um niðurstöður útboða fjármálagerninga og Tilkynningarskylda fruminnherja samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Í fyrri túlkuninni væri fjallað um hvenær ætti að birta niðurstöður útboða í tilvikum fjármálagerninga. Í síðari túlkuninni væri fjallað um tilkynningarskyldu fruminnherja í tilvikum verðbréfalána.

Fjármálaeftirlitið birtir ársreikninga og upplýsingar um afkomu váttryggingagreina hjá íslenskum váttryggingafélögum

Fjármálaeftirlitið birti 28. júní 2016 ársreikninga og upplýsingar um afkomu váttryggingagreina hjá íslenskum váttryggingafélögum fyrir reikningsárið 2015 með samræmdri uppsetningu. Birtir voru rekstrar- og efnahagsreikningar, ásamt sjóðsstreymi. Í þeim tilvikum sem váttryggingafélag var hluti af samstæðu voru birtir móðurfélagsreikningar.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns
Fjármálaeftirlitið tilkynnti hinn 28. júní 2016 um yfirfærslu váttryggingastofns Atradius Credit insurance N.V. til Compania Espanola de Seguros y Reaseguros de Crédito y Caución S.A.

Fjármálaeftirlitið birtir upplýsingar um iðgjöld og samanlagða markaðshlutdeild erlendra váttryggingafélaga á Íslandi 2010 – 2014

Fjármálaeftirlitið birti hinn 30. júní 2016 tölulegar upplýsingar sem stofnunin hafði tekið saman um starfsemi erlendra váttryggingafélaga á Íslandi árin 2010-2014. Félög þessi hafa höfuðstöðvar sínar á Evrópska efnahagssvæðinu og hafa heimild til starfsemi á Íslandi á grundvelli IX. kafla laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi. Upplýsingarnar voru byggðar á gögnum sem fjármála- og/eða váttryggingaefirtil í viðkomandi ríkjum sendu Fjármálaeftirlitinu.

Fjármálaeftirlitið gefur út drög að reglum vegna tæknistaðla CRD IV/CRR

Fjármálaeftirlitið skýrði frá því hinn 1. júlí 2016 að stofnunin hefði gefið út sex umræðuskjöl, nr. 3 – 8/2016. Umræðuskjölin innihalda drög að reglum til að innleiða tæknilega staðla sem fylgja CRD IV löggjöfinni.

Umræðuskjal EBA vegna krafna um gagnsæi og upplýsingaskyldu lánastofnana á Evrópumarkaði
Fjármálaeftirlitið vakti hinn fyrsta júlí 2016 athygli á umræðuskjali sem birst hafði á heimasíðu EBA, Evrópsku bankaefirtiltsstofnunarinnar. Um var að ræða umræðuskjal vegna krafna um gagnsæi og upplýsingaskyldu lánastofnana á Evrópumarkaði.

Fjármálaeftirlitið gefur út drög að reglum um fyrirgreiðslur fjármálfyrirtækis til venslaðra aðila

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt hinn 5. júlí 2016 að það hefði gefið út umræðuskjal, nr. 9/2016, sem innihéldi drög að reglum um fyrirgreiðslur fjármálfyrirtækis til venslaðra aðila. Drögin fólu í sér endurskoðun á reglum nr. 162/2011 um fyrirgreiðslur fjármálfyrirtækis til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanna eða þeirra sem eiga virkan eignarhlut í því, eða aðila í nánnum tengslum við framangreinda.

Þriðji fundur fjármálastöðugleikaráðs árið 2016

Sagt var hinn 7. júlí 2016 frá þriðja fundi fjármálastöðugleikaráðs á árinu 2016 sem haldinn hafði verið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Á fundi ráðsins var farið yfir helstu áhættuþætti í fjármálakerfinu og greinargerð kerfisáhættunefndar til fjármálastöðugleikaráðs. Þar sagði meðal annars að áhætta í fjármálakerfinu hefði lítið breyst frá síðasta fundi fjármálastöðugleikaráðs sem haldinn var í maí

2016. Viðnámsþróttur einkageirans væri enn að aukast og erlendar skuldir þjóðarbúsins drægjust saman. Kerfisáhætta vegna útlána væri lítið breytt. Útlán til einstaklinga og fyrirtækja hefðu aukist lítillega á síðustu mánuðum. Kerfisáhætta vegna gjalddagamisræmis og lausafjárstöðu væri ekki talin mikil og að mestu óbreytt frá síðasta fundi.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns

Sagt var frá yfirfærslu váttryggingastofns Tryg Garantiforsikring A/S til Tryg Forsikring A/S á vef Fjármálaeftirlitsins 8. júlí 2016.

Yfirfærsla fagfjárfestastjóðanna Burðaráss HL1, Burðaráss HS1 og Burðaráss SK1 frá ÍV sjóðum hf. til Straums sjóða hf.

Sagt var hinn 11. júlí 2016 frá því að Fjármálaeftirlitið hefði þann 30. júní 2016 samþykkt yfirfærslu fagfjárfestastjóðanna Burðaráss HL1, Burðaráss HS1 og Burðaráss SK1 frá ÍV sjóðum hf. til Straums sjóða hf. á grundvelli 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu líftryggingastofns

Sagt var hinn 25. júlí 2016 frá yfirfærslu líftryggingastofns Aviva Annuity UK Limited til Aviva Life & Pensions UK Limited á vef Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið hefur metið Megind ehf. hæft til að fara með aukinn virkan eignarhlut í Summu rekstrarfélagi hf. Fjármálaeftirlitið tilkynnti hinn 2. ágúst 2016 að það hefði komist að þeirri niðurstöðu að Megind ehf., kt. 640413-1310, væri hæft til að fara með aukinn virkan eignarhlut í Summu rekstrarfélagi hf. sem næmi svo stórum hluta að fjármálafyrirtæki yrði talið dótturfélag, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Evrópska eftirlitsstofnunin á váttrygginga- og lífeyrismarkaði (EIOPA) birtir umræðuskjal um drög að upplýsingaskjali um váttryggingaafurðir

Sagt var frá því 2. ágúst 2016 að Evrópska eftirlitsstofnunin á váttrygginga og lífeyrismarkaði (EIOPA) hefði daginn áður sent frá sér fréttatilkynningu vegna umræðuskjals um drög að tæknistaðli fyrir upplýsingaeyðublað varðandi skaðatryggingar. Markmiðið væri að samræma framsetningu upplýsinga um váttryggingaafurðir. Upplýsingablaðið fengi viðskiptavinur í hendur áður en hann tæki ákvörðun um váttryggingu.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu hluta líftryggingastofns

Hinn 9. september 2016 var sagt frá fyrirhugaðri yfirfærslu hluta líftryggingastofns Phoenix Life Limited til ReAssure Limited.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu líftryggingastofns

Hinn 12. september 2016 var sagt frá fyrirhugaðri yfirfærslu líftryggingastofns frá ReAssure Life Limited til ReAssure Limited.

Fjármálaeftirlitið hefur metið Solo Invest ehf. og Örn Þorsteinnsson hæfa til að fara með virkan eignarhlut í Straumi sjóðum hf.

Sagt var frá því á vef Fjármálaeftirlitsins að þann 8. september 2016 hefði stofnunin komist að þeirri niðurstöðu að Solo Invest ehf., kt. 620109-0610, væri hæft til að fara með virkan eignarhlut í Straumi sjóðum hf. sem næmi 50%, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Áhætta getur falist í viðskiptum með fjármálagerninga sem tengdir eru gjaldmiðlum

Fjármálaeftirlitið varaði að gefnu tilefni á vef sínum hinn 19. september 2016 almenning jafnt og fjárfesta við þeirri áhættu sem gæti falist í viðskiptum með fjármálagerninga sem tengdir væru gjaldmiðlum. Að undanfögnu hefði borið á óhefðbundinni markaðssetningu vegna slíkra viðskipta sem talist gæti villandi. Eftirlitið vildi jafnframt hvetja neytendur sem hefðu í hyggju að fjárfesta í slíkum gerningum að leita sérfráðiráðgjafar hjá aðilum sem hefðu starfsheimild til fjárfestingarráðgjafar til að tryggja hagsmuni sína sem best.

Fjármálaeftirlitið fjallar um stöðu lífeyrissjóðanna 2015

Fjármálaeftirlitið birti 27. september 2016 samantekt yfir stöðu íslenskra lífeyrissjóða við árslok 2015. Efníð var unnið úr þeim gögnum sem Fjármálaeftirlitinu hafði borist frá lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar miðað við árslok 2015.

Fjórði fundur fjármálastöðugleikaráðs árið 2016

Sagt var frá því á vef Fjármálaeftirlitsins að fjórði fundur fjármálastöðugleikaráðs á árinu 2016 hefði verið haldinn föstudaginn 30. september 2016 í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Þar kom meðal annars fram að þjóðhagslegar aðstæður hefðu í meginatriðum verið fjármálakerfinu hagstæðar undanfarin misseri. Hagvöxtur hefði verið þróttmikill, dregið hefði úr atvinnuleysi, ráðstöfunartekjur heimila aukist hröðum skrefum og hagnaður fyrirtækja verið ágætur.

Niðurstaða um að Aktiva lausnir ehf. hafi stundað greiðsluþjónustu án tilskilins leyfis

Fjármálaeftirlitið sagði frá því 5. október 2016 að Aktiva lausnir ehf. hefði fyrr á árinu farið að bjóða þjónustu sína við milligöngu um lánveitingar á milli viðskiptavina sinna. Hlutverk Aktiva lausna ehf. væri meðal annars að tengja saman lántakendur og lánveitendur á svokölluðu lánatorgi. Þjónusta félagsins lyti einnig að flokkun lántakenda eftir

greiðslumati og móttöku og miðlun greiðslna á milli lántakenda til lánveitenda. Í gagnsæistilkynningu um málið kom m.a. fram að Fjármálaeftirlitið teldi að félagið hefði án leyfis stundað starfsemi sem fellur undir ákvæði laga nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu og að eftirlitið hefði hinn 31. ágúst 2016 farið fram á að félagið hætti þegar í stað að stunda umrædda leyfis skylda starfsemi. Í gagnsæistilkynningunni kom enn fremur fram að félagið hefði orðið við kröfu Fjármálaeftirlisins.

Hætta tengd fjárfestingum í svonefndum jafningjalánnum

Fjármálaeftirlitið sendi frá sér tilkynningu hinn 5. október 2016 um áhættu tengda fjárfestingum í svonefndum jafningjalánnum (e. peer-to-peer lending), sem einnig væru nefnd hóplán (e. lending-based crowdfunding).

Innherjaviðskipti og eftirlit Fjármálaeftirlisins

Fjármálaeftirlitið sendi frá sér tilkynningu um innherjaviðskipti og eftirlit stofnunarinnar hinn 7. október 2016. Þar sagði meðal annars: „Að gefnu tilefni skal þess getið að Fjármálaeftirlitið óskaði eftir upplýsingum og gögnum hjá regluverði Nýherja um viðskipti formanns stjórnar félagsins sem fram fóru í nóvember síðastliðnum. Fjármálaeftirlitið taldi skýringar regluvarðarins á viðskiptunum fullnægjandi, en athugun eftirlisins lauk í febrúar síðastliðnum.“

Fjármálaeftirlitið fundar með ytri endurskoðendum eftirlitsskyldra aðila sem jafnframt eru einingar tengdar almannahagsmunum

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum hinn 10. október 2016 að það myndi á næstu vikum boða nokkra ytri endurskoðendur eftirlitsskyldra aðila til fundar. Væri það gert í samræmi við leiðbeinandi tilmæli nr. 4/2015 um samskipti Fjármálaeftirlisins og ytri endurskoðenda eftirlitsskyldra aðila sem jafnframt væru einingar tengdar almannahagsmunum.

Gable Insurance AG gert að stöðva sölu váttrygginga

Fjármálaeftirlitið sagði frá því 12. október 2016 að fjármálaeftirlitið í Liechtenstein (FMA) hefði gert Gable Insurance AG að stöðva sölu nýtrygginga og endurnýjun eldri samninga, sbr. frétt á heimasíðu FMA. Gable Insurance AG hefði selt leigutryggingar á Íslandi um nokkurt skeið í gegnum váttryggingamiðlun.

Bráðabirgðastjórn skipuð yfir Gable Insurance AG

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt hinn 14. október 2016 að fjármálaeftirlitið í Liechtenstein (FMA) hefði skipað slitastjórn (e. Special Administrator) yfir Gable Insurance AG og vísaði til fréttar á vef sínum tveim dögum áður.

Umsagnarferli vegna mögulegs evrópsks regluverks um séreignarlífeyrissparnað

Fjármálaeftirlitið vakti hinn 18. október 2016 athygli hagsmunaaðila á að Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins stæði fyrir umsagnarferli um mögulegt evrópskt regluverk vegna séreignarlífeyrissparnaðar (e. personal pension framework) og benti á hvar og fyrir hvaða dag ætti að skila umsögnum.

Fjármálaeftirlitið hefur metið Stálskip ehf. hæft til að fara með virkan eignarhlut í Borgun hf.

Fjármálaeftirlitið tilkynnti þann 20. október 2016 að það hefði komist að þeirri niðurstöðu að Stálskip ehf. væri hæft til að fara með virkan eignarhlut í Borgun hf. sem næmi allt að 20%, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Um væri að ræða virkan eignarhlut með óbeinni hlutdeild í gegnum eignarhald Stálskips ehf. í Eignarhaldsfélagi Borgunar slf.

Nýlegar túlkanir Fjármálaeftirlisins á tilteknum ákvæðum laga um verðbréfavíðskipti

Fjármálaeftirlitið sagði frá því 20. október 2016 að sent hefði verið dreifibréf til útgefenda, fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða þar sem vakin væri athygli á nýlegum túlkunum á tilteknum ákvæðum laga um verðbréfavíðskipti sem Fjármálaeftirlitið hefði birt á heimasíðu sinni á undanförunum mánuðum.

Ákvörðun Fjármálaeftirlisins um hækkun sveiflujöfnunarauka

Fjármálaeftirlitið kynnti hinn 1. nóvember 2016 ákvörðun um hækkun sveiflujöfnunarauka í samræmi við tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 30. september 2016.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti 2. nóvember 2016 um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns frá Bosworth Run-Off Limited, Bramton Insurance Company Limited, Knapton Insurance Limited, Marion Insurance Company Limited, Mercantile Indemnity Company Limited og Unionamerica Insurance Company Limited til River Thames Insurance Company Limited.

Kynning á nýjum kröfum til váttryggingafélaga um opinbera birtingu upplýsinga

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum að það hefði hinn 3. nóvember 2016 efnt til þriðja kynningarfundar vegna Solvency II regluverksins á váttryggingamarkaði. Á fundinum hefði meðal annars verið fjallað um þær kröfur sem fylgja Solvency II um innihald og framsetningu skýrslu váttryggingafélaga um gjaldþol og fjárhagslega stöðu (SFCR) og reglubundinnar skýrslu til eftirlitsaðila (RSR).

Fjármálaeftirlitið metur Dittó ehf., Kristján Arason og Karl Þorsteins hæfa til að fara með virkan eignarhlut í Centra fyrirtækjaráðgjöf hf.

Snemma í nóvember 2016 var sagt frá því á vef Fjármálaeftirlitsins að þann 28. október 2016 hefði Fjármálaeftirlitið metið Dittó ehf., Kristján Arason og Karl Þorsteins hæfa til að fara með virkan eignarhlut í Centra fyrirtækjaráðgjöf hf.

Upplýsingar um stöðu Gable Insurance AG

Fjármálaeftirlitið fjallaði hinn 9. nóvember 2016 um stöðu Gable Insurance AG. Þar kom meðal annars fram að samkvæmt tilkynningu frá fjármálaeftirlitinu í Liechtenstein (FMA) dags. 7. nóvember 2016, hefði PWC sem skipað var í bráðabirgðastjórn (e. Special Administrator) yfir Gable Insurance AG, upplýst að ástæða væri til að ætla að félagið væri yfirskuldsett. Boðað hefði verið til hluthafafundar þann 11. nóvember 2016 þar sem hluthöfum gæfist tækifæri til þess að reiða fram fjármagn til að forða félaginu frá slitameðferð. Þá hefði bráðabirgðastjórnin óskað þess af viðeigandi dómstól í Liechtenstein að ákvörðun um upphaf slitameðferðar yrði frestað þar til hluthafafundurinn hefði farið fram.

EBA gefur út skýrslu vegna könnunar á innleiðingu og áhrifum IFRS 9 á bankastofnanir í Evrópu

Fjármálaeftirlitið vakti athygli á því með frétt á vef sínum 11. nóvember 2016 að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefði birt skýrslu vegna fyrstu könnunar á innleiðingu og áhrifum IFRS 9 á bankastofnanir í Evrópu. Skýrslan innihéldi niðurstöður bæði úr eigindlega og meginlega (qualitative and quantitative) hluta könnunarinnar ásamt upplýsingum um fyrirhugaðar aðgerðir og verkefni EBA á þessu sviði. Hérlendir viðskiptabankar hefðu ekki tekið þátt í könnuninni að þessu sinni en Fjármálaeftirlitið myndi mælast til að þrír stærstu viðskiptabankarnir yrðu þátttakendur í framhaldskönnun EBA.

Umræðuskjal EBA vegna fyrirhugaðra breytinga á gagnaskilatæknistöðlum lánastofnana

Fjármálaeftirlitið vakti hinn 15. nóvember 2016 athygli á umræðuskjali sem hægt er að nálgast á heimasíðu EBA, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, vegna fyrirhugaðra breytinga á gagnaskilatæknistöðlum lánastofnana.

Þrjár viðskiptabankar með óháðan umboðsmann viðskiptavina

Fjármálaeftirlitið birti hinn 30. nóvember 2016 frétt í kjölfar þess að það hafði aflað upplýsinga um umboðsmenn viðskiptavina hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf. Í fréttinni var lögð áhersla á að umboðsmenn viðskiptavina gegni mikilvægu hlutverki

og að brýnt væri að viðskiptavinir bankanna nýttu sér þá þjónustu sem umræddir aðilar veittu.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns
Fjármálaeftirlitið birti hinn 30. nóvember 2016 frétt þar sem tilkynnt var um yfirfærslu á hluta váttryggingastofns frá Markel International Insurance Company Limited til RiverStone Insurance (UK) Limited.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns frá Verði líftryggingum hf. til Okkar líftrygginga hf.

Fjármálaeftirlitið birti hinn 1. desember 2016 tilkynningu um yfirfærslu váttryggingastofns frá Verði líftryggingum hf. til Okkar líftrygginga hf.

Verðskuldað traust gefið út

Fjármálaeftirlitið sagði 2. desember 2016 frá útgáfu ritsins Verðskuldað traust. Ritið hefur að geyma stefnumarkandi áherslur Fjármálaeftirlitsins næstu árin og væri þetta í fyrsta skipti sem stofnunin gæfi út samantekt af þessu tagi.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti 2. desember 2016 um fyrirhugaða yfirfærslu á váttryggingastofni frá Chubb Insurance Company of Europe SE til ACE European Group Limited.

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á tveimur umræðuskjölum frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni (EBA)

Fjármálaeftirlitið vakti 7. desember 2016 athygli á tveimur umræðuskjölum frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni (EBA) sem hægt væri að nálgast á heimasíðu þess. Annars vegar var um að ræða drög að nýjum sameiginlegum viðmiðunarreglum EBA og ESMA um hæfi stjórnar- og lykilstarfsmanna og samsetningu stjórnar í evrópskum fjármálafyrirtækjum. Hins vegar var um að ræða drög að endurskoðuðum viðmiðunarreglum EBA um innri stjórnarhætti (EBA Guidelines on Internal governance (GL44)) sem Fjármálaeftirlitið hafði innleitt fyrr á árinu með Leiðbeinandi tilmælum um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja nr. 1/2016.

Fjármálaeftirlitið hefur uppfært Almenn viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt á vef sínum 9. desember 2016 að stofnunin hefði uppfært Almenn viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum.

Fjármálaeftirlitið hefur metið Vörð tryggingar hf. hæft til að fara með virkan eignarhlut í Okkar líftryggingum hf. Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 14. desember 2016 að stofnunin hefði komist að þeirri niðurstöðu að Vörður tryggingar hf. væri hæft til að fara með virkan eignarhlut í Okkar líftryggingum hf.

Athugasemd vegna ummæla í Kastljósi

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd hinn 14. desember 2016 vegna ummæla í Kastljósi nokkrum dögum fyrr. Í athugasemdinni sagði meðal annars: „Undir lok Kastljósspáttar 7. desember s.l. var fjallað um úttektir úr sjóðum, einkum Sjóði 9, dagana fyrir hrun bankanna í byrjun október 2008. Þar kom fram að úttektirnar hefðu sérstaklega verið skoðaðar af Rannsóknarnefnd Alþingis um bankahrunið. Skilja mátti af umfjölluninni að ekkert hefði verið gert með þessar úttektir af hálfu Fjármálaeftirlitsins, sem er rangt og verður ekki komist hjá því að koma á framfæri leiðréttingu á því sem þar kom fram.

Hið rétta er að fljótlega eftir hrunið fór af stað umfangsmikil rannsókn vegna þessara úttekta hjá Fjármálaeftirlitinu sem endaði með því að kæra var send til embættis sérstaks saksóknara í mars 2009.“

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna váttryggingafélaga

Fjármálaeftirlitið tilkynnti hinn 15. desember 2016 um fyrirhugaðan samruna: Chubb Bermuda International Insurance dac (áður ACE Bermuda International Insurance (Ireland), Chubb Insurance Company of Europe SE við ACE European Group Limited (AEGLE) International Insurance Company Limited.

Kynningarfundir vegna breytinga í gagnaskilum á váttryggingamarkaði

Fjármálaeftirlitið sagði frá því 22. desember að í janúar og febrúar myndi stofnunin halda röð kynningarfunda vegna breytinga í gagnaskilum á váttryggingamarkaði sem fylgdu innleiðingu Solvency II. Áherslan verður á nýjar töflur sem innleiddar verða árið 2017.

Samkomulag um sátt vegna brots Megindar ehf. á 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 23. desember 2016 að 14. nóvember sama ár hefðu Fjármálaeftirlitið og Megind ehf. gert með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots á 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Umræðuskjal um drög að endurskoðuðum reglum um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja

Fjármálaeftirlitið sagði frá því 10. janúar 2017 að

stofnunin hefði gefið út umræðuskjal nr. 1/2017 sem innihéldi drög að endurskoðuðum reglum um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja.

Drög að reglum um birtingu upplýsinga um fjárfestingarkostnað lífeyrissjóða

Fjármálaeftirlitið sagði frá því 10. janúar að stofnunin hefði gefið út umræðuskjal nr. 2/2017, sem innihéldi drög að reglum um breytingu á reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða.

Fjármálaeftirlitið veitir Íslandssjóðum hf. viðbótarstarfsheimildir

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 11. janúar 2017 að stofnunin hefði þann 6. janúar veitt Íslandssjóðum auknið starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Tímáfrestir við afgreiðslu tilkynninga um virkan eignarhlut miðast við móttöku fullbúinnar tilkynningar

Fjármálaeftirlitið birti 23. janúar 2017 athugasemd í tilefni fréttar í Morgunblaðinu og á vef Viðskiptablaðsins undangengna helgi þar sem sagt hafði verið að Fjármálaeftirlitið hefði ekki enn afgreitt tilkynningu BLM fjárfestinga ehf. um aukinn virkan eignarhlut í Lýsingu hf. og að stofnunin væri komin umfram lögbundinn frest. Í athugasemd Fjármálaeftirlitsins sagði m.a.: „Eins og reyndar kemur fram aftarlega í grein Morgunblaðsins reiknast tímáfrestir frá og með móttöku stofnunarinnar á fullbúinni tilkynningu um virka eignarhluti. Við útreikninga á tímáfrestum er þannig ekki miðað við aðrar dagsetningar, eins og dagsetningu kaupsamnings, heldur er miðað við þann dag er Fjármálaeftirlitið staðfestir móttöku fullbúinnar tilkynningar.“

Fjármálaeftirlitið hefur metið Birtu lífeyrissjóð hæfan til að fara með virkan eignarhlut í Virðingu hf.

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum 25. janúar 2017 að 19. janúar hefði stofnunin komist að þeirri niðurstöðu að Birta lífeyrissjóður væri hæfur til að fara með virkan eignarhlut í Virðingu hf. sem næmi allt að 20%, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið hefur metið BLM Investment ehf. og tengda aðila hæfa til að fara með aukinn virkan eignarhlut í Lýsingu hf.

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt á vef sínum 27. janúar 2017 að stofnunin hefði metið BLM Investment ehf. og tengda aðila hæfa til að fara með aukinn virkan eignarhlut í Lýsingu hf.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu líftryggingastofns

Fjármálaeftirlitið sagði 2. febrúar 2017 frá yfirfærslu á hluta líftryggingastofns frá Zurich Assurance Ltd. til Rothesay Life plc.

Heimild til flutnings váttryggingastofns

Fjármálaeftirlitið sagði frá því 3. febrúar 2017 að það hefði veitt heimild fyrir flutningi váttryggingastofns Varðar líftrygginga hf. til Okkar líftrygginga hf.

Áhættumiðað eftirlit kynnt fyrir lífeyrissjóðum

Fjármálaeftirlitið efndi hinn 7. febrúar 2017 til kynningarfundar fyrir lífeyrissjóði um áhættumiðað eftirlit sem fjölmargir fulltrúar lífeyrissjóðanna sóttu. Kynningin, ásamt spurningum og svörum var einnig tekin upp og gerð aðgengileg á vef stofnunarinnar.

Verðlagning þjónustu fjármálafyrirtækja

Fjármálaeftirlitið birti frétt á vef sínum um miðjan febrúar 2017 þar sem bent var á að engin sérstök lög eða reglur væru til um gjaldtöku vegna þjónustu fjármálafyrirtækja. Verðlagning þeirra væri, líkt og annarra fyrirtækja, frjáls. Í einstökum lögum og reglum væri fjallað um kostnað vegna vöru eða þjónustu. Lytu ákvæðin að því að viðskiptavinur væri upplýstur um allan þann kostnað sem hann getur þurft að bera vegna viðskipta eða þjónustu. Síðan var birt yfirlit yfir helstu lög og reglur á þessu sviði.

Starfsleyfi váttryggingamiðlara

Fjármálaeftirlitið veitti, þann 21. febrúar 2017, Hákonni Hákonarsyni starfsleyfi sem váttryggingamiðlari.

Ný gjaldskrá Fjármálaeftirlitsins

Fjármálaeftirlitið vakti athygli á því á vef sínum 28. febrúar 2017 að ný gjaldskrá stofnunarinnar hefði tekið gildi og hefði verið birt í vefútgáfu Stjórnartíðinda daginn áður.

Tilkynning um samruna Varðar líftrygginga hf. og Okkar líftrygginga hf.

Fjármálaeftirlitið tilkynnti hinn 1. mars 2017 að það hefði veitt leyfi fyrir samruna Varðar líftrygginga hf. og Okkar líftrygginga hf. á grundvelli 35. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

Nýjar reglur um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum 2. mars 2017 að í febrúar hefði stjórn stofnunarinnar samþykkt nýjar reglur um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

Fjármálaeftirlitið birtir áætlun um setningu reglna og útgáfu leiðbeinandi tilmæla 2017 – 2018

Fjármálaeftirlitið sagði frá því að vef sínum 3. mars 2017 að framvegis yrði birt áætlun um setningu reglna og og leiðbeinandi tilmæla og birti um leið áætlun sem gildi til næstu tveggja ára. Áætlunin hefur að geyma heiti allra reglna og leiðbeinandi tilmæla sem unnin verða á þessu tímabili, flokkað eftir mörkuðum og með áætlaða tímasetningu um það hvenær viðkomandi verkefni lýkur. Einnig eru í áætluninni stuttar skýringar/athugasemdir til að veita viðbótarupplýsingar um uppruna einstakra verkefna.

Skráning lánveitenda og lánamiðlara

Fjármálaeftirlitið vakti hinn 3. mars 2017 athygli á gildistöku laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda þann 1. apríl 2017. Með lögnum er það gert að skilyrði til að mega veita fasteignalán til neytenda í atvinnuskyni að aðili hafi verið skráður af Fjármálaeftirlitinu. Hið sama á við um aðila sem vilja stunda miðlun slíkra lána. Þó geta lánastofnanir, Íbúðalánasjóður, lífeyrissjóðir og váttryggingafélög veitt fasteignalán án undangenginnar skráningar en auk þess geta lánastofnanir, og í vissum tilvikum lögmenn og endurskoðendur, stundað lánamiðlun án undangenginnar skráningar.

Engar vísbendingar um upplýsingaleka

Fjármálaeftirlitið setti frétt á vef sinn 6. mars 2017 þar sem brugðist var við frétt í Morgunblaðinu sem birst hafði fyrir um morguninn varðandi Borgun hf. Í fréttinni var gerð grein fyrir því verklagi sem almennt væri farið eftir hjá stofnuninni þegar hugsanleg refsímál kæmu upp. Þar sagði m.a.: „Morgunblaðið hefur eftir stjórnarformanni Borgunar hf. að það sé undarleg stjórnsýsla, af hálfu Fjármálaeftirlitsins að upplýsa ekki Borgun um vísun máls til Héraðssaksóknara. Fjármálaeftirlitið telur þvert á móti eðlilega stjórnsýslu að viðtakandi ábendingar eða vísunar meti hvernig eðlilegt er að upplýsa almenning og hlutaðeigandi um tilvist eða efni máls. Fjármálaeftirlitið sér einnig ástæðu til að gera athugasemdir við að í frétt Morgunblaðsins er látið að því liggja að upplýsingaleki hafi átt sér stað vegna framangreindrar vísunar. Fyrir liggur að héraðssaksóknari hefur upplýst fjölmiðla um málið og engar vísbendingar um upplýsingaleka eru fyrirbyggjandi.“

Fjármálaeftirlitið metur VÍS hf. hæft til að fara með virkan eignarhlut í Kviku banka hf., Akta sjóðum hf. og Júpiter rekstrarfélagi hf.

Fjármálaeftirlitið vakti athygli á því hinn 10. mars 2017 að það hefði komist að þeirri niðurstöðu að Váttryggingafélag Íslands hf. (VÍS), kt. 690689-2009, væri hæft til að fara með virkan eignarhlut í Kviku banka hf. sem næmi allt að 33%, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið hefði einnig metið Vátryggingafélag Íslands hf. hæft til að fara með allt að 33% virkan eignarhlut í Akta sjóðum hf. og Júpíter rekstrarfélagi hf. með óbeinni hlutdeild.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu líftryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnt hinn 10. mars 2017 um fyrirhugaða yfirfærslu á hluta líftryggingastofns frá Scottish Equitable plc. til Rothesay Life plc.

Drög að reglum vegna tæknilegra framkvæmdarstaðla sem fylgja Solvency II

Fjármálaeftirlitið sagði hinn 16. mars 2017 frá útgáfu fjögurra umræðuskjala nr. 3 - 6/2017. Umræðuskjölin innihalda drög að reglum til að innleiða tæknilega framkvæmdarstaðla sem fylgja Solvency II löggjöf ESB. Reglurnar verða settar með stoð í lögum nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi.

Kaup á eignarhlut í Arion banka

Fjármálaeftirlitið birti frétt á vef sínum 20. mars 2017 í tilefni fréttu af kaupum á eignarhlut í Arion banka. Þar sagði m.a.: „Með kaupum fjögurra fjárfesta á tæplega 30% eignarhlut í Arion banka myndast ekki nýr virkur eignarhlutur í bankanum þar sem einstakir fjárfestar fara með minna en 10% eignarhlut. Kaupin hafa ekki áhrif á skilyrði sem Fjármálaeftirlitið setti árið 2010 fyrir virkum eignarhlut Kaupþings í gegnum eignarhaldsfélagið Kaupskil í bankanum sem m.a. takmarka verulega áhrif hluthafa Kaupþings á stjórnun bankans, en umræddir fjárfestar fara beint eða óbeint með eignarhlut í Kaupþingi. Fjármálaeftirlitið hefur áskilið sér rétt til að taka upp ofangreind skilyrði og hefur sett fram tímamörk í því skyni.“

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu vátryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti hinn 23. mars 2017 um fyrirhugaða yfirfærslu vátryggingastofns frá Colbourne Insurance Company Limited til NRG Victory Reinsurance Limited.

Nýjar reglur og breytt gagnaskil vegna fyrirgreiðslna fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila

Fjármálaeftirlitið sagði hinn 28. mars frá nýjum reglum nr. 247/2017 sem settar hefðu verið um fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila, byggðar á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Við gildistöku reglnanna féllu úr gildi eldri reglur um sama efni, nr. 162/2011.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu vátryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti hinn 4. apríl um fyrirhugaða yfirfærslu á hluta vátryggingastofns frá QBE Insurance (Europe) Limited til Colonnade Insurance S.A.

Umræðuskjal um drög að reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti vátryggingafélaga

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 5. apríl 2017 að gefið hefði verið út umræðuskjal númer 8/2017 sem innihéldi drög að reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti vátryggingafélaga.

Umræðuskjal um drög að endurskoðuðum reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 5. apríl 2017 að gefið hefði verið út umræðuskjal nr. 7/2017 sem innihéldi drög að endurskoðuðum reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Tilefnið væri breyting á lögum um fjármálafyrirtæki sem breytti meðal annars ákvæðum 19. gr. er kvæði á um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti.

Fyrsti fundur fjármálastöðugleikaráðs 2017

Fjármálaeftirlitið sagði í frétt 11. apríl 2017 frá því að fyrsti fundur fjármálastöðugleikaráðs hefði verið haldinn. Í fréttinni sagði meðal annars að um miðjan mars hefðu fjármagnshöft verið losuð því sem næst að fullu á einstaklinga og fyrirtæki. Töluverð óvissa væri um áhrif þess á þjóðarþúskaþinginn en líklegt væri að hann yrði næmari fyrir breytingum á erlendum fjármálaskilyrðum.

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja vegna væntanlegra laga um skortsölu fjármálagerninga og tiltekna þætti skuldatrygginga

Fjármálaeftirlitið sagði í frétt 19. apríl 2017 frá því að fjármálafyrirtækjum hefði verið sent dreifibréf þar sem bent væri á að frumvarp til laga um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga hefði verið lagt fram á Alþingi.

Tilkynning um áframhaldandi eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki og óbreyttan sveiflujöfnunarauka

Hinn 26. apríl 2017 tilkynnti Fjármálaeftirlitið um áframhaldandi eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki og óbreyttan sveiflujöfnunarauka í samræmi við tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 10. apríl 2017.

Skýrslugjöf um viðskipti með fjármálagerninga - TRS II tekur við af TRS I

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 27. apríl 2017 að það myndi taka í notkun nýtt kerfi um áramótin 2017-2018 til að taka á móti tilkynningum um viðskipti með fjármálagerninga, svokallað TRS II kerfi.

3.2 Yfirlit yfir ákvarðanir og gagnsæistilkynningar frá 1. maí 2016 til aprílloka 2017

- 6. maí 2016:** Samkomulag um sátt vegna brots Fjarskipta hf. á 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 13. maí 2016:** Niðurstaða athugunar á greiðslu kaupauka til tveggja framkvæmdastjóra Tryggingamiðstöðvarinnar hf.
- 24. maí 2016:** Niðurstöður athugunar á líftíma eigna og skuldbindinga samtryggingardeildar Stafa lífeyrissjóðs
- 24. maí 2016:** Niðurstöður athugunar á líftíma eigna og skuldbindinga samtryggingardeildar Stapa lífeyrissjóðs
- 25. maí 2016:** Athugun á umfangi þjónustu eftirlitsskyldra aðila við lögaðila sem skráðir eru í lágs kattaríkjum og fjárfestingum þeirra í slíkum lögaðilum
- 25. maí 2016:** Stjórnvaldssekt vegna brots Marel hf. gegn 1. mgr. 87. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 27. maí 2016:** Niðurstaða athugunar á útlánum Sparisjóðs Suður-Þingeyinga ses.
- 3. júní 2016:** Samkomulag um sátt vegna brots Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. á 1. mgr. 58. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 23. júní 2016:** Niðurstaða athugunar á útlánum Sparisjóðs Strandamanna ses
- 24. júní 2016:** Samkomulag um sátt vegna brots Dróma hf. á 1. mgr. 78. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 24. júní 2016:** Samkomulag um sátt vegna brots Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. á 1. mgr. 78. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 13. júlí 2016:** Niðurstaða athugunar á útlánum Sparisjóðs Austurlands hf.
- 29. júlí 2016:** Niðurstaða athugunar á fjárfestingum fjárfestingarsjóðs í rekstri Stefnis hf.
- 21. sep. 2016:** Niðurstaða athugunar á mati á hæfi og tilhlýðileika fjármálaþjónustu Arion banka hf.
- 28. sep. 2016:** Niðurstöður athugunar á áhættustýringu Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda
- 28. sep. 2016:** Niðurstöður athugunar á áhættustýringu Almenna lífeyrissjóðsins
- 5. okt. 2016:** Niðurstaða um að Aktiva lausnir ehf. hafi stundað greiðsluþjónustu án tilskilins leyfis
- 14. nóv. 2016:** Niðurstaða athugunar á uppsagnarfresti váttryggingarsamninga og tilkynningum þar að lútandi
- 21. nóv. 2016:** Samkomulag um sátt vegna brots Íslandsbanka hf. á 1. mgr. 18. gr. laga nr. 108/2007
- 23. des. 2016:** Niðurstaða athugunar á mati á hæfi og tilhlýðileika fjármálaþjónustu Kvikubanka hf.
- 23. des. 2016:** Samkomulag um sátt vegna brots Megindar ehf. á 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
- 3. jan. 2017:** Niðurstöður athugunar á stöðu regluvörslu hjá Virðingu hf.
- 3. jan. 2017:** Niðurstöður athugunar á stöðu regluvörslu hjá Kvikubanka hf.
- 3. jan. 2017:** Niðurstöður athugunar á stöðu regluvörslu hjá Gamma Capital Management hf.
- 20. jan. 2017:** Niðurstaða athugunar á aðskilnaði starfssviða hjá Kvikubanka hf
- 27. jan. 2017:** Niðurstaða athugunar á mati á hæfi og tilhlýðileika fjármálaþjónustu Arctica Finance hf.
- 24. feb 2017:** Niðurstaða athugunar á eftirliti með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Borgun hf.
- 14. mars 2017:** Niðurstöður athugunar hjá Kvikubanka hf. á tilteknum þáttum í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
- 22. mars 2017:** Niðurstöður athugunar á tölvuöryggi Kauphallar Íslands
- 24. mars 2017:** Niðurstaða athugunar á eftirliti með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Valitor hf.
- 4. apríl 2017:** Stjórnvaldssekt vegna brots Eimskipafélags Íslands hf. gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 11. apríl 2017:** Niðurstaða athugunar á innheimtuferli við frum- og milliinnheimtu hjá Motus ehf., Orkuveitu Reykjavíkur og Símanum hf.
- 12. apríl 2017:** Samkomulag um sátt vegna brots Stefnis hf. á 1. mgr. 59. gr., sbr. 30. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði
- 26. apríl 2017:** Niðurstaða athugunar á innheimtuferli við frum- og milliinnheimtu hjá Gildi lífeyrissjóði og Lífeyrissjóði verzlunarmanna
- 28. apríl 2017:** Samkomulag um sátt vegna brots Birtu lífeyrissjóðs á 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

3.3 Yfirlit yfir tölublöð Fjármála og greinar frá 1. maí 2016 til aprílloka 2017

Fjármál 2. tölublað 5. árgangur september 2016

Lífslíkur eftir þjóðfélagsstöðu

Jón Ævar Pálmason, forstöðumaður í áhættugreiningu

Er kostnaður við gerð lýsingar hindrun í fjármögnunarferli fyrirtækja?

Arnfríður K. Arnardóttir, sérfræðingur í lýsingum

Mikilvægi viðbragðsáætlana vegna lausafjárahættu í starfsemi fjármálafyrirtækja

Brynjar Harðarson, sérfræðingur í áhættugreiningu

Fjármál 3. tölublað 5. árgangur nóvember 2016

Kerfislegt mikilvægi lífeyrissjóða og eftirlitshögnun á fasteignalánamarkaði

Loftur Hreinsson, sérfræðingur í áhættugreiningu og María Finnsdóttir, sérfræðingur í fjárhagslegu eftirliti

Fyrirtækja- og áhættumenning– mikilvægur þáttur í starfsemi fyrirtækja á fjármálamarkaði

Guðrún Finnborg Þórðardóttir, forstöðumaður reglusetninga og Hrafnhildur Mooney, sérfræðingur í áhættugreiningu

Fjármálaeftirlitið og fjölmiðlarnir

Sigurður G. Valgeirsson, upplýsingafulltrúi

Fjármál 1. tölublað 6. árgangur mars 2017

Hverjir eiga erindi í stjórn lífeyrissjóðs?

Helga Rut Eysteinsdóttir, lögfræðingur á eftirlitssviði, Hrafnhildur S. Mooney, sérfræðingur á greiningasviði og María Finnsdóttir, sérfræðingur í fjárhagslegu eftirliti

FinTech – framtíð fjármálagerninga

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur á eftirlitssviði

Lífeyriskerfið – Áhætta sjóðfélaga

Björn Z. Ásgrímsson, sérfræðingur í áhættugreiningu

Bókardómur: Naked Statistics eftir Charles Wheelan

Jón Ævar Pálmason, forstöðumaður á greiningasviði

Hallmundur Hafberg
sérfræðingur í fjárhagslegu eftirliti

„Það er mikil áskorun að takast á við vatnslitamálnun en um leið mjög gefandi og skemmtilegt. Eftir erilsaman dag er gott að endurnæra sálina yfir mynd í vinnslu. Þörfin til að skapa eitthvað kemur væntanlega einhversstaðar að innan og erfið er að skilgreina hvæær, hvernig eða hvers vegna hún verður til. Þetta er eitthvað sem hefur fylgt mér frá því ég man eftir.“



4. Aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins

4.1 Fjöldi aðila undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins

Flokkar aðila undir eftirliti í lok hvers árs	Skýr.	2013	2014	2015	2016
<i>Starfsleyfisskyldir eða starfa skv. sérlögum:</i>					
Viðskiptabankar		4	4	4	4
Sparisjóðir		8	7	4	4
Lánafyrirtæki		6	6	5	5
Íbúðalánasjóður		1	1	1	1
Innlánsdeildir samvinnufélaga		1	1	1	1
Verðbréfafyrirtæki		10	9	10	10
Verðbréfamíðlanir		2	2	1	0
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	1)	9	10	10	10
Verðbréfasjóðir (ekki lögaðilar)	2)	57	53	50	45
Fjárfestingarsjóðir (ekki lögaðilar)	2)	44	48	53	61
Fagfjárfestasjóðir (ekki lögaðilar)	2)	63	65	71	81
Fagfjárfestasjóðir - lögaðilar		7	9	14	21
Kauphallir		1	1	1	1
Verðbréfamíðstöðvar		1	1	1	1
Lífeyrissjóðir	3)	27	26	26	25
Vátryggingafélög		13	12	12	12
Vátryggingamiðlanir		11	9	9	9
Aðilar með innheimtuleyfi		5	6	8	8
Greiðslustofnanir		1	1	1	1
Gjaldeyrisskiptistöðvar			1	1	1
Tryggingarsjóðir		2	2	2	2
Samtals		273	274	285	303
<i>Aðrir aðilar háðir eftirliti:</i>					
Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar	4)	14	13	8	8
Útgefendur skráðra hlutabréfa		18	17	20	21
Útgefendur skráðra skuldabréfa		57	60	60	57
Eignarhaldsfélög	5)	12	10	11	9
Fjármálafyrirtæki í slitameðferð		15	11	2	2
<i>Alls</i>		<i>389</i>	<i>385</i>	<i>386</i>	<i>400</i>

1) Sjá ennfremur fjölda verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða neðar í töflunni.

2) Sjóðir sem ekki eru lögaðilar en starfræktir af rekstrarfélögum verðbréfasjóða. Nokkrir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir eru deildaskiptir og endurspeglast fjöldi deilda í tölunum í töflunni.

3) Margir lífeyrissjóðir eru deildaskiptir. Að meðtöldum deildunum yrði fjöldatalan yfir lífeyrissjóðina u.þ.b. 50 hærri fyrir hvert ár sem taflan sýnir.

4) Viðskiptabankar og sparisjóðir. Allir einnig taldir í fjöldatölum ofar í töflunni nema erlendu vörsluaðilarnir.

5) Eignarhaldsfélög á fjármálasviði og vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög, skv. nánari skilgr. í l. nr. 161/2002 og l. nr. 100/2016. Um er að ræða virka hluthafa sem eiga meira en 50% í eftirlitsskyldum aðilum. Virkir hluthafar sem eiga á bilinu 10 - 50% eru ekki tilgreindir í töflunni.

4.2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi

Fjöldi aðila/félaga sem hafa heimild til að veita þjónustu á Íslandi á grundvelli reglna sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Fjöldi í lok árs	2013	2014	2015	2016
Erlendir bankar (credit and financial institutions) án starfsstöðvar	239	254	263	274
Erlendar greiðslustofnanir án starfsstöðvar		193	266	299
Erlendar greiðslustofnanir með umboðsaðila	2	2	2	2
Erlend rafeyrisfyrirtæki án starfsstöðvar		38	49	84
Erlend rafeyrisfyrirtæki með dreifingaraðila	1	1	1	1
Verðbréfasjóðir (UCITS) (fjöldi deilda í sviga)	56 (370)	65 (410)	70 (518)	75(596)
Verðbréfafyrirtæki/-miðlarar (Investment firms)	2148	2280	2461	2512
Vátryggingafélög með starfsstöð	2	2	2	2
Vátryggingafélög án starfsstöðvar	381	352	389	408
Vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn	5030	5223	5055	5008



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND